



**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**

www.vverk.is

Hábrýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögun

Sími: 456 6600



EITT OG ANNAÐ SEM
ÞÚ ÞARFT AÐ GERA
FYRIR FERTUGT



Lífis

Lífis/Vátryggingatælg Íslands
Árnúla 3 · 108 Reykjavík
Þjónustuver 560 5000
www.lifis.is



Simanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156



Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 6. mars 2008 · 10. tbl. · 25. árg.

Íslendingurinn Nína Ivanova

Listakonan Nina Ivanova fluttist til Ísafjarðar frá Rússlandi ásamt eiginmanni sínum og kann vel við sig á Vestfjörðum. Í opnuviðtali er rætt við Ninu um listina, heimahagana og þá sérstöðu að vera Rússi með íslenskan ríkisborgararétt



Hlutfélag stofnað um byggðakvóta Vestfirðinga?

Vetrarþing Framtíðarlandsins hefur lagt til að Vestfirðingar og aðrir stofni almenningshlutfélag sem kaupir, á og „rekur“ kvóta sem er veiddur fyrir vestan. Banna snurvöðarveiðar inni á fjörðum. Sjórinn og fiskurinn voru mörgum hugleikinn og ekki furða þegar Vestfirði ber á góma. Þinginu barst einnig sú tillaga að færa alla togara út fyrir 30 sjómílur og koma smábátakerfinu í dagakerfi eða klukkustundakerfi þar sem skylda væri að hafa sjálfvirkan staðsetningarbúnað um borð,

þannig að Fiskistofa gæti fylgst með smábátunum dag og nótt. „Það græðir enginn til lengdar á að svindla á tíma eða henda fiski í sjóinn sem ekki er til kvóti fyrir eða of smár til að koma með að landi. Það ríður á að breyta þessu í stað þessa blessaða kvóta sem allt er að drepa er viðkemur sjávarútvegi. Þetta myndi skipta Vestfirði miklu máli, þar sem stutt er á góð fiskimið“, segir í skýrslu sem gefin hefur verið út um þingið.

Burtséð frá gagnsemi tölvubúnaðar við löggæslu má bæta

því við hugmyndina að slíkur búnaður getur almennt verið mjög gagnlegur við veiðar. Til dæmis má nefna að útgerðin Vísir í Grindavík stjórnar rekstri línuskipa sinna með hjálp umfangsmikils tölvugagnagrunns sem kallar auðveldlega fram upplýsingar á skjá. Línubátar Vísis hafa fiskað betur en aðrir bátar með fulltingi þessarar tækni, sem væri sjálf-sagt að innleiða við línuveiðar Vestfirðinga.

Einn sérfræðingur Framtíðarlandsins lagði til að koma á fiskmörkuðum yfir sumarmán-

uðina sem væru auglýstir í ferðaþjónustumiðstöðvum á Vestfjörðum og í innlendum sem erlendum ferðahandbókum. Hvert og eitt bæjarfélag ætti einn vikudag, laugardagur væri markaðsdagurinn á Ísafirði, sunnudagur á Bolungarvík og svo framvegis.

Þá var einnig rætt um flutningsstyrki til Vestfjarða frá hinu opinbera. „Þótt þessi tillaga sé ljóslega sett fram sem ádeila á uppgjafarandann í hugmyndum um styrki handa þeim sem vilja flytja af Vestfjörðum, er rétt að hafa í hug

að ýmis konar óbeinir flutningsstyrkir eru viðurkenndur þáttur í byggðastefnu í sumum nágrannalöndum okkar. Í Noregi er boðinn afsláttur af endurgreiðslubyrði námslána flytji fólk á afskekktar slóðir til starfa, og hér á landi tíðkast að vinnuveitendur úti á landi greiði götu starfsfólks sem flyst á svæðið með ýmsum hætti, oft með fríu eða ódýru húsnæði. Ein útfærsla hugmyndarinnar um flutningsstyrki væri að efla slíka óbeina styrki eða gera þá sýnilegri í umræðum“, segir í skýrslunni.

Vonast eftir annarri rannsókn

Það er von útgerðarmannsins og rækjuverkandans Jóns Guðbjartssonar að fljótlega verði farið í aðra rannsókn á rækju í Ísafjarðardjúpi. Á föstudag í síðustu viku voru rækjuveiðar í Arnarfirði heimilaðar á ný eftir nokkurra ára hlé. Hafrannsóknastofnun fór í sérstaka aukarannsókn á stofninum um miðjan febrúar. Fyrirtæki Jóns gerir út togarann Gunnbjörn og rekur rækjuverksmiðjuna Kampa á Ísafirði. „Sjórinn hefur kólnað og fiskurinn er genginn út og því ekkert til fyrirstöðu að kanna þetta aftur og þá vonandi að leyfa rækjuveiðar fram á vor“, segir Jón. Vegna loðnuleitar og togararalls eru líkur á að slík rannsókn geti ekki farið fram fyrr en togararalli lýkur eftir 2 – 3 vikur. Gunnbjörn fer á úthafs rækjuveiðar á næstu vikum.

Fyrir helgi var landað 630 tonnum af frystri rækju sem fer til vinnslu hjá Kampa. Rækjan er norsk en Kampi hefur einnig keypt rækju frá Færeyjum og Kanada. „Það hefur verið hark að fá rækju og það segir sig sjálft að það myndi gera mikið fyrir verksmiðjuna að geta unnið einhverja daga í viku úr hráefni af Gunnbirni og svo innfjarðarækju auk frosinnar rækju“, segir Jón.

– smari@bb.is



Litill heimur... hugsum stórt



EIMSKIP
www.eimskip.is

Sameinast um félagsþjónustu

Staða félagsráðgjafa við félagsþjónustu við Djúp hefur verið auglýst laus til umsóknar, en um er að ræða nýja deild sem er samstarfsverkefni Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps. Félagsráðgjafi mun sinna hefðbundnum félagsráðgjafarverkefnum á breiðum grunni. Hann mun ásamt verkefnastjóra taka þátt í uppbyggingu félagsþjónustu í sveitarfélögunum. Gerð er krafa um félagsrágjafamenntun eða aðra menntun sem kemur að notum. Í auglýsingunni segir að góð laun og frjótt og gott starfsumhverfi. Bolungarvík sé fjölskylduvænn vinnustaður með góðu mannlífi í stórbrotinni náttúru.

Sex vilja stöðu íþróttar- og tómstundafulltrúa

Sex einstaklingar sóttu um starf íþróttar- og tómstundafulltrúa Ísafjarðarbæjar en umsóknarfrestur rann út 25. febrúar. Þeir eru Björg Reehaug Jensdóttir, Egill Kristján Björnsson, Finnur Magnús Gunnlaugsson, Margrét Halldórsdóttir, Ólafur J. Stefánsson og Torfi Jóhannsson. Um er að ræða breytt starf frá því að Jón Björnsson gegndi því, en hann lét af störfum 1. september. Nýr íþróttar- og tómstundafulltrúi mun hafa eftirlit með samningum Ísafjarðarbæjar um íþróttar- og tómstundamál og framkvæmd þeirra auk stefnumótunar í málaflokkum.

Gæti hafið millilandaflug nú þegar

Haukur Vagnsson segist myndu geta hafið beint millilandaflug frá Ísafirði til Evrópu þegar í stað væri Ísafjarðarflugvöllur skráður sem millilandaflugvöllur. Hann segist hafa ástæðu til að láta Elíasi Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Hvíldarkletts á Suðureyri, ekki í té nánari upplýsingar en það. „Það þarf ekki að fletta sögunni langt aftur í tímann til þess að sjá hvernig hann fór með upplýsingar sem hann fékk hjá aðstandendum Fjord Fishing síðastliðið ár, á fölskum forsendum segja margir. Í stuttu máli endaði það þannig að hann sat uppi

með samning sem Fjord Fishing hafði áður, en Fjord Fishing sat eftir með sárt ennið og mikinn skaða. Því segjum við Elíasi ekkert nema þetta, millilandaflug til Vestfjarða er hagkvæmt, við gætum hafið það flug þegar í stað ef Ísafjarðarflugvöllur væri skráður sem millilandaflugvöllur“, segir Haukur.

„Samstarfsaðilar mínir eru einnig með tilbúna lausnir til að fljúga um Keflavíkflugvöll án þess að farþegar þurfi að gista í Reykjavík gegn vilja sínum með tilheyrandi aukakostnaði. Einnig er hægt að bjóða upp á ódyrt tengiflug

frá þessum 7 flugvöllum sem Elías nefnir. Þetta flug gæti hafist þegar sumarið 2008. Með beinu millilandaflugi með minni vélum til Ísafjarðar væri einnig hægt að sleppa innanlandsflugi erlendis þar sem vélin gæti flogið á þessa staði beint, til skiptis, þetta væri hin fullkomna hagræð-

ing. Með þessu móti væri minna álag á skiptidögum, í stað þess að fá mikinn fjölda nýrra gesta einu sinni í viku myndu skiptin dreifast á alla vikuna, þannig næðist enn meiri hagræðing ef Elías hefur á annað borð áhuga á henni“, segir Haukur.

„Því miður virðist sem Elías

og hans samstarfsaðilar vilji koma í veg fyrir að þetta verði að veruleika af einhverjum ástæðum. Til þess að okkar lausn gangi upp þurfa aðilar að standa saman að þessu flugi. Meðan Elías neitar að taka þátt, eyðileggur hann heildina og kemur í veg fyrir að betri, ódyrari og hagkvæm-

ari lausn verði farin, sem er betri fyrir alla“, segir Haukur Vagnsson í Bolungarvík.

Aðspurður segir Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts á Suðureyri, að fullyrðingar Hauks um að honum sé ekki treystandi fyrir upplýsingum séu ekki þess verðugar að svara.



Ísafjarðarflugvöllur.

Ekki þörf á frekari rannsóknum

Ágúst Guðmundsson jarðfræðingur hjá Jarðfræðistofnun ehf., segir ekki sé þörf á frekari rannsóknum vegna jarðganga milli Súðavíkur og Skutulsfjarðar að svo stöddu. Árið 2001 vann hann skýrslu fyrir Vega-gerðina um jarðgöng á Öshlíð og Súðavíkurhlíð. Hann segir ekkert mál sé að gera göng til Súðavíkur sé fyrir því pólitískur vilji. Ekki borgar sig að mati Ágúst að fara í frekari rannsóknir fyrr en pólitískur vilji um göng liggi fyrir. Berglög milli Nausta og Súðavíkur þykja tiltölulega

heppilegar til jarðganga-gerðar að því er kemur fram í skýrslunni. Enn fremur segir að engir sérstakir veikleikar séu áberandi, hvorki í brotvirkni né jarðlögum. Tiltöluleg auðvelt er með munna við gangaenda og stutta vegi þarf að leggja að þeim. Í skýrslunni er ekki sagt um mögulegan vatnsleka en þó segir að almennt er umtalsvert minni möguleiki á vatnsleka inn í göngin í samanburði við Vestfjarðagöngin þar sem söfnunarsvæði vatns er mun minna.

– smari@bb.is

Spár um ferðir olíuskipa rangar

Ferðum olíuskipa frá Rússlandi til Vesturheims hefur ekki fjölgað nándar nærri eins mikið undanfarin ár og spáð hafði verið. Olíuskip á leið vestur fara um íslenska efnahagslögsögu. Undanfarið hefur verið töluverð umræða í þjóðfélaginu um flutning á olíu um íslenska lögsögu ekki síst í tengslum við byggingu olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum. Aðallega hefur verið fjallað um olíuflutninga frá Norðvestur-Rússlandi til Vesturheims en leið flutningaskipa milli þessara heimshluta liggur um efnahagslögsögu Íslands. Á vef Siglingamálastofnunar kemur fram að árið

2005 fóru 278 skip með alls um 9,6 miljón tonn af olíu afurðum út úr Barentshafi fram hjá Finnmark, nyrsta hluta Noregs. Megnið af þessum flutningum fór til Evrópuhafna. Árið 2006 fóru 206 skip með um 10,6 miljón tonn af olíuafurðum sömu leið; vitað er að 36 þessara skipa fóru til Vesturheims. Árið 2007 var flutningur olíuafurða úr Barentshafi um 9,6 miljón tonn. 212 skip fluttu olíuna, 43 þeirra fóru vestur um haf. Og nú eru Rússar að byggja upp olíuflutningahöfn í Finnka-flóa að sögn Gísla Viggóssonar hjá Siglingastofnun.

– smari@bb.is

Styrktarsjóður skíðamanna stofnaður á Ísafirði

Fyrirhugað er að stofna styrktarsjóð skíðamanna undir nafninu Framför í Skíðavíkunni á Ísafirði. Markmið með sjóðnum er að styrkja ísfrskt skíðafólk sem hyggst ná langt í sinni íþróttagrein. Fyrstu ár sjóðsins verða styrkir ekki háir en hækka jafnt og stöðugt í hlutfalli við inneign sjóðsins. Sjóðurinn er hugsaður til margra ára en aldrei verða veittir hærri styrkir úr sjóðnum en ávöxtun hans en þannig nær hann að vaxa ár frá ári. Þegar fram líða stundir er markmiðið að sjóðurinn geti ekki eingöngu stutt við einstaklinga, heldur einnig einstök verkefni og félög innan Ísafjarðarbæjar. Langtíma-markmið sjóðsins er þannig að styrkja fyrst ungviði skíðaiþróttarinnar og síðan hreyfinguna alla eins og kostur er. Framför mun starfa í nánú

samstarfi við Skíðafélag Ísafjarðar enda verður sjóðurinn sterkur bakhjarl SFÍ nú og á komandi árum.

Áætlað er að inneign sjóðsins verði a.m.k. 100-150 milljónir á 50 árum og 200 – 500 milljónir á 100 árum. Á endanum verði sjóðurinn það stór að hann ráði við hvers konar framkvæmdir á skíðamannvirkjum og aðstöðu á Ísafirði, auk þess sem hann styðji við bakið á allri íþróttastarfsemi á Ísafirði. Hugmyndir um styrkveitingar úr sjóðnum næstu 50-100 árin eru meðal annars að starfrækja skíðaskóla á heimsmælikvarða, ráða færustu þjálfara heims til starfa fyrir íþróttahreyfinguna, markaðssetja Ísafjarðar-bæ sem skíðabæ á erlendri grund í samstarfi við Ísafjarðarbæ og ferðamannafélag svæðisins og reisa sólar spegil

sem kastar sól allan ársins hring á eyrina og skíðasvæðið.

Hugmyndina af sjóðnum fékk Einar Ólafsson fyrir rúmum 20 árum eða um það leiti sem hann var að hætta keppni í skíðagöngu. Þegar Einar stundaði skíðagönguna voru margir á Ísafirði sem lögðu hönd á plóginn með að gera honum kleift að stunda skíðagönguna erlendis við bestu aðstæður í mörg ár samhliða námi í skíðamenntaskóla í Svíþjóð. Menn gengu í hús eða fyrirtæki til að safna. Einar hefur alla tíð langað til að greiða til baka á einhvern hátt fyrir þessa aðstöð sem hann á sinum tíma fékk. „Alla tíð hefur það verið mörgum þyrnir í götu hvað það er kostnaðarsamt að stunda skíðaiþróttina við bestu aðstæður og reyna að ná langt í sinni íþrótt. Með stofnun slíks sjóðs mun það

gera ungu og efnilegu skíðafólki kleift að stunda skíðaiþróttina án þess að þurfa að hafa áhyggjur af kostnaðinum“, segir í tilkynningu.

Þeir aðilar auk Einars sem gefa kost á sér í stjórn sjóðsins eru Hallgrímur Magnús Sigurjónsson, Steingrímur Einarsson, Ásta S. Halldórsdóttir og Friðgerður Ómarsdóttir. Haldinn verður kynningar- og stofnfundur í Edinborgarhúsinu föstudaginn 21. mars kl. 17.

Dagskrá fundarins er stofnun sjóðsins þar sem öllum verður boðið að verða stofnendur sjóðsins. Á fundinum verða hugmyndirnar að honum kynntar svo og markmiðin með sjóðnum. Kosið verður í stjórn sem mun sjá um rekstur hans, úthlutun og ávöxtun hans.

– thelma@bb.is

Bolvískt listvinafélag stofnað

Stefnt er að því að bolvískt listvinafélag verði formlega stofnað í mars. Á fundi menningarráðs Bolungarvíkur var greint frá því að Soffía Vagnsdóttir hefði fengið styrk frá Menningarráði Vestfjarða í tengslum við stofnunina og óskar hún eftir samstarfi ráðsins um að koma félaginu á laggirnar. Menningarráð lýsti yfir ánægju sinni með framtakið og lýsti sig reiðubúið til samstarfs. Á sama fundi var rætt um að sameina Ástarvíkuna og Markaðsdaginn. Fram kom í máli Soffíu að hún teldi það ekki ráðlegt þar sem um ólíka menningarviðburði er að ræða. Einnig var það hennar mat að stuðla bæri fremur að fjölgun menningarviðburða, en ekki fækka þeim.

Sólonungurinn sýnir í Slunkaríki

Listamaðurinn Davíð Arnar Halldórsson opnaði á laugardag sýningu á verkum sínum í Slunkaríki á Ísafirði. Nokkuð langt er um liðið síðan sýnt var í Slunkaríki, en starfsemi gallerísins fluttist í Edinborgarhúsið fyrir hálfu öðru ári. Sýning Davíðs ber heitið „Loðvík 14 – Sólonungurinn sýnir sinn innri mann“ og er hún liður í Sólrishátíð Menntaskólans á Ísafirði.

Vísar fullyrðingunum til föðurhúsanna

Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts á Suðureyri, segir að fullyrðingar Hauks Vagnssonar um að Elíasi sé ekki treystandi fyrir upplýsingum séu varla svaraverðar. „Sérstaklega stingur það mig að hann sé að hnýta í sambandið við Fjord Fishing, en mjög náið samstarf er á milli Hvíldarkletts og Sumarbyggðar, eins og fyrirtækið heitir núna. Þess vegna vísa ég þessum dylgjum hans til föðurhúsanna“, segir Elías.

„Sá fundur snérist meðal annars um siglingaréttindi sjóstangveiðimanna. Við erum að vinna saman að ýmsum verkefnum og það er fjarri lagi að það séu einhverjar illdeilur í gangi. Bæði þessi fyrirtæki eiga bjarta framtíð fyrir sér.“

„Ef hugmyndir Hauks um beint millilandaflug eru svona sniðugar þá vona ég að hann láti verða af þeim. Ef hann telur sig geta gert þetta þá skora ég á hann að láta verða af því“, segir Elías Guðmundsson. — [halfdan@bb.is](#)



Börn Sigurgeirs afhentu Jóhanni Hinrikssyni safnið til varðveislu.

Fjölmenni við opnun ljósmyndasýningar

Fjölmenni var við opnun á sýningu á ljósmyndum alþýðulistamannsins Sigurgeirs Bjarna Halldórssonar í Safnahúsinu á Ísafirði á sunnudag. Á sýningunni eru um 30 myndir sem teknar eru um 1940, ýmist svart-hvítar eða litmyndir sem Sigurgeir málaði sjálfur í lit af ótrúlegri nákvæmni. Safn

Sigurgeirs er þó töluvert stærra og telur liðlega 800 myndir. Við opnunina afhentu börn Sigurgeirs Ljósmyndasafni Ísafjarðar safnið til varðveislu. Kom fram í máli Jóhanns Hinrikssonar safnvarðar að nú þegar væru um 150 myndir komnar á vef safnsins á slóðinni safn.isafjordur.is, og væri

hinna 650 að vænta innan tíðar.

Við sama tækifæri þökkðu börn Sigurgeirs sérstaklega Jóhannesi Bjarna Eðvarðssyni, barnabarni ljósmyndarans sem hefur ásamt eigin konu sinni unnið að því koma safninu til varðveislu. Eins og áður segir var fjölmenni við opnunina, bæði afkomendur

Sigurgeirs og aðrir sem áhuga hafa á þeim stórmerku heimildum sem myndasafnið vissulega er.

Sigurgeir Bjarni Halldórsson var sjómaður og einn fyrsti áhugaljósmyndari Ísafjarðar, en óalengt var að aðrir en atvinnuljósmyndarar tækju jafn mikið af myndum og hann

á þessum tíma. Sigurgeir tók myndavélina alltaf með sér þegar hann var til sjós og eru í safninu myndir frá Djúpvík, Reykjavík, Raufarhöfn, Siglufirði, Þýskalandi og Danmörku, þó flestar séu þær frá Ísafirði. Sigurgeir hefði orðið 100 ára á sunnudag hefði hann lifað. — [halfdan@bb.is](#)

Töfðust vegna snjóflóðahættu

Guðbjartur Jónsson og Lada Cherkasoff, sem búsett eru á Flateyri en reka verslun á Ísafirði, lentu í miklum töfum á leiðinni á milli bæjanna á laugardag. „Við fórum frá Flateyri að morgni laugardagsins 1. mars, til vinnu okkar á Ísafirði. Eftir að við lokuðum búðinni á Ísafirði kl. 15, fórum við til baka. Þegar við keyrðum niður Breiðadalinn var eins og við þyrftum að keyra í gegnum smá snjóflóð sem hafði lent á veginum. Þegar við komum að Varmadal var búið að loka veginum til Flateyrar“, segir í bréfi sem Guðbjartur og Lada skrifuðu blaðinu. „Við hringdum í 1777 og fengum þær upplýsingar að það ætti að skoða opnun þegar veðrið lagaðist. Við biðum í 4 tíma eftir að það yrði eitthvað gert (það skal tekið fram að það var gott veður og gola). Þá fengum við þær upplýsingar að umferð yrði ekki hleypt til Flateyrar. Við hringdum í björgunarsveitina og athuguðum hvort hún vildi ná í okkur

en fengum það svar að lögreglan hefði neitað þeim um að fara veginn. Við reyndum að fá upplýsingar hjá björgunarsveit, lögreglu og Vegagerð um hvað við gætum gert en fengum það svar að það væri okkar vandamál. Eða að við gætum farið aftur til Ísafjarðar. Nú vildi þannig til að við hefðum ekki getað farið til Ísafjarðar þar sem vegurinn var orðinn ófær fyrir okkur. Við vorum föst þar sem við vorum. Við spurðum lögregluna hvort við gætum labbað til Flateyrar og hvort björgunarsveitin mundi koma til móts við okkur en þeir sögðu það væri ekki hægt. Ég ákvað að hringja í vin minn og fá hann til að koma á báti til að ná í okkur í Holt þar sem er bryggja. Það sem mér finnst mest sláandi er viðhorf þeirra aðila sem lokuðu veginum. Þeim finnst það ekki vera þeirra mál hverjir eru fastir einhvers staðar eða hvaða aðstæður eru hjá fólki. Hjálpssemi var ekki sýnd í þessu tilfelli og það sem mér

blöskrar er að ef þarna hefði verið fólk sem ekki gat náð í upplýsingar vegna tungumálaerfleika þá hefði getað farið illa. Það eina sem fólkið hefði getað gert í þessu tilfelli væri að labba til Flateyrar og það hefði ekki hringt til að láta vita af sér. Það skal tekið fram að það féll ekki snjóflóð á veginn til Flateyrar og það vekur líka upp spurningar hvernig er staðið að því að ákveða lokun á vegum. Í þessu tilfelli var ekki lokað á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar en þar tel ég að sé miklu meiri snjóflóðahætta en á Selabólsvörðinni. Mig langar að þakka þeim sem aðstoðuðu okkur að komast heim, þ.e.a.s. Vegagerðinni með mokstri frá Varmalandi í Holt og þeim sem komu á bátum til að ná í okkur. Það hafa verið fleiri slys þegar vegur er opin vegna hálfu, þar sem Vegagerðin tímur ekki að sandbera veginn og vegna þess fara bílar útaf. Það ætti að loka veginum við slíkar

aðstæður“, segir í bréfinu. Aðspurður um málið segir Önnundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði, að Vegagerðin hafi vegna snjóflóðahættu viljað loka veginum til Flat-

eyrar upp úr klukkan eitt. Klukkan 18.15 hefðu aðstæður verið endurmetnar og sú hugmynd viðruð að senda björgunarsveitarmenn með fólk fram og til baka veginn,

en ákveðið að hætta við þau áform vegna áframhaldandi snjóflóðahættu. Klukkan 19 hafi svo verið útvegaður bátur sem skutlaðist milli Flateyrar og Hólmbruggju.



Björgunarsveitarmenn biðu átekta Flateyrarmegin. Mynd: Páll Önnundarson.

Mikil félagsvera

Erik Newman hefur keypt meirihluta í rekstri Kaffi Edinborgar á Ísafirði af Vestfirskum verktökum og tekið við rekstri staðarins. Erik er því algjörlega að skipta um starfsvettvang en hann hefur fengið leyfi frá störfum sínum sem forstöðumaður félagsmiðstöðva Ísafjarðarbæjar til að sinna þessu nýja hlutverki sínu. Hann segist sjá mörg tækifæri framundan og nú þegar hefur ein framkvæmd undir hans stjórn vakið athygli á landsvisu, en það var aðstaða fyrir reykingamenn gert úr snjó. Bæjarins besta skellti sér í kaffi á Edinborg og spjallaði við nýja vertinn um störfin tvö.

– Hvernig leggst það í þig að taka yfir rekstur kaffi Edinborgar?

„Bara mjög vel. Ég er mjög spenntur og sé fullt af tækifærum í því.“

– Má búast við breytingum undir þinni stjórn?

„Eins og menn segja, með nýjum mönnum koma nýjar áherslur en aðaláherslan verður lögð á að halda uppi kaffihúsamenningu og halda menningu inni í húsinu. Þetta er jú menningarhús Ísfróðinga og ég vil leggja áherslu á að halda því við.“

– Nú kemur þú úr gjörólíku starfi, er eitthvað sem þú getur nýtt þér úr starfi forstöðumanns félagsmiðstöðva í þessu starfi?

„Ég sé nú kannski helst að þetta eru ekkert svo ólík störf. Um er að ræða annan aldursþóp og veitingasala sem fylgir mínu nýja starfi. En í fyrra starfi hef ég öðlast mikla reynslu í að setja upp ýmsa viðburði, skemmtanir, tónleika og aðra menningarviðburði sem mun án efa nýstast vel í Edinborg. Bæði störfin ganga svo út á að vinna með fólki og að skapa stað þar sem fólk finnur sig og líður vel á.“

– Hvað er helst framundan á kaffi Edinborg?

„Það er ýmislegt í deigluinni en það sem hefur verið staðfest er að Nýdönsk verður hérna 15. febrúar og svo páskaball með SSSól á páskadag. Við höfum einnig verið í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði í sólrísvíku þeirra og svo tökum við myndarlega þátt í skíðavíkunni með ljósmyndasýningu, skíðakakói o.fl. Við getum sagt að ég vilji hafa nóg um að vera á Kaffi Edinborg.“

– Er ekki Kaffi Edinborg einmitt þannig að maður getur kíkt í kaffi með börnin á daginn og skellt sér svo á ball um helgar og nánast allt þar á milli?

„Jú þetta er það skemmtilegt og fallett húsnæði og býður upp á svo marga möguleika. Nú höfum við verið að prófa að vera með dansgölf

fyrir diskóin, lifandi músík o.fl. og kaffihúsa-barstemningu annars staðar í húsinu á sama tíma sem hefur verið að ganga vel. Þetta er svona fjölnota hús og virðist höfða til allra aldurshópa, sem er mjög skemmtilegt.“

– Hvað kom til þess að þú ákvaðst að taka þér leyfi frá þínu fyrra starfi og taka við Edinborg?

„Ég hef verið með aðra löppina hér inni frá því að húsið opnaði bæði sem gestur auk þess sem ég hef hjálpað til, aðstoðað í veislum og tekið vaktir hjá fráfaraðum. Á þeim tíma hefur mér fundist þetta mjög skemmtilegt og áhugavert hús og áhuginn fyrir þessu kviknaði eiginlega fljótlega eftir að það opnaði. Þá fór ég allavega að máta þetta starf svolítið í huganum.“

– Hefurðu áður verið að vinna í þessum bransa?

„Já, upphaflega var ég að mennta mig sem kokkur. Ég var á matreiðslubraut í Verkmenntaskólanum á Akureyri og vann síðan á veitingahúsum um tíð. Síðan hef ég starfað við ýmislegt en alltaf verið meðfram því að þjóna eða kokka í veislum eða einhverri framreiðslu. Sú reynsla mun eflaust nýstast mér vel í þessu starfi líka.“

– Þú varst líka að mennta þig í tengslum við þitt fyrra starf ekki satt?

„Jú ég á eftir eitt ár til að klára BA gráðu í tómsunda- og félagsmálafræði frá Kennaraháskóla Íslands. Það nám hefur nýst mér vel í starfi sem forstöðumaður Félagsmiðstöðva Ísafjarðarbæjar, en þetta er gott nám og mun eflaust nýstast mér í mínum störfum í framtíðinni – ekki sist í viðburðarstjórnun og rekstri.“

– Þú hefur verið mikið í störfum sem tengjast mannlegum samskiptum, ertu mikil félagsvera?

„Já, ég er mikil félagsvera. Ég hef mjög gaman af því að hafa fólk í kringum mig. Mér finnst gott að hafa fólk ánægð í kringum mig og þá skiptir í raun engu máli á hvaða aldri þad er, hvort það eru börn eða fullorðnir. Það er því markmiðið að öllum finnst þeir velkomnir og líði vel á Kaffi Edinborg.“

– Nú ert þú að vinna við það sem aðrir gera í frístundum, hvað gerir þú þegar þú átt frí?

„Ég nota nú mest öll mín frí með börnunum mínum og það er ekkert sem toppar það. En svo hef ég líka bara gaman af svo mörgu. Ég hef gaman af tónlist, bæði að hlusta á hana og spila sjálfur. Einnig hef ég gaman af flestum íþróttum, hvort sem það er að horfa á þær eða stunda þær. Sérstaklega hef ég gaman af ýmsu

jaðarsporti og reyni að fara á snjóbretti eins oft og ég get. Einnig finnst mér líka rosalega gott að vera heima hjá mér og dunda mér eitthvað, þar er bara gott að vera. Þess utan hef ég mikla ævintýraþrá, ef einhver er að fara gera eitthvað nýtt spennandi og mér býðst að koma með þá er ég til í slaginn. Ætli ævintýrin séu ekki bara eitt af mínum áhugamálum.“

Reykhús úr snjó sem breyttist í sundlaug

– Nú vakti snjóhús reyk-ingamanna mikla athygli fyrir nokkru sem gert var fyrir utan Edinborgarhúsið. Er það hugmynd sem verður endurtekin eða var þetta bara svona einu sinni?

„Hugmyndin kviknaði kvöldið áður en það var Þórir, fráfaraðum, sem kom með hana. Við gripum hugmyndina á lofti og fórum strax að vinna í henni. Þetta var bara það skemmtileg og brjáluð hugmynd að það var ekki hægt að sleppa henni. Mér finnst það mjög ísfrískt þegar menn fá stóra, brjálaða hugmynd sem verður að veruleika daginn eftir. Svona getur bara gerst á Ísafirði þar sem allir eru tilbúnir að leggja fram vinnu og hjálpa svo að svona vitleysa geti orðið að veruleika. Starfsmenn Kaffi Edinborgar, tveir æskuvinir mínir frá Akureyri sem voru hér í brælu- stoppi og Barði (Önundarson innskot blaðamanns) á gröf- unni sem mokaði stærðar skafla að húsinu ásamt fleirum hjálpuðu til. Vonandi getum við endurtekið leikinn einhvern tímann. Spurning hvort að það megi útfæra hugmyndina á einfaldari hátt. Það var náttúrulega talsvert mál að handmoka mörgum tonnum af snjó þótt það hafi verið vel þess virði. Við á Kaffi Edinborg munum reyna að fylgjast vel með snjólögum og halda áfram að vera frumleg í hugmyndum.“

Ég vil nota tækifærið og hvetja fólk til að viðra hugmyndir sínar við mig. Kaffi Edinborg er menningarhús Ísfróðinga og fólk hefur skoðanir á því hvaða starfsemi á að fara hérna fram og hvernig það vilji sjá það í framkvæmd. Ég nota félagsmiðstöðvarmottóðið og segi að allar hugmyndir eru góðar hugmyndir og ekkert er óframkvæmanlegt.“

Margar forvarnir sem þarf að huga að

– Þú hefur verið virkur í forvarnarstarfi, segðu mér að eins af því.

„Ég er í stjórn Vá-Vest og



hef farið á vegum þeirra og annarra inn í skóla og félagsmiðstöðvar á svæðinu og haldið kynningar um forvarnir bæði fyrir foreldra, unglinga og börn. Undanfarið ár hef ég líka setið í stjórn Samfés, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi og lagt áherslu á forvarnar- tengt starf þar. Ég legg ekkert meiri áherslu á áfengis- og tobaksforvarnir heldur en aðrar forvarnir. Það eru svo margar forvarnir sem þarf að huga að. Þar má nefna heilsu, offitu og andlega heilsu. Nýlega tók ég að mér að vera Nordic coordinator (norrænn fulltrúi innskot blaðamanns) í Youth Alcohol Policy Network, ég veit reyndar ekki alveg hvernig það fer. Þar yrði ég fulltrúi Norðurlandanna í samtökunum sem vinna að forvörnum á nokkuð öðru sviði en ég hef verið að vinna á. Starfið þar gengur út á að fara inn í hópa ungmenna og vera með upplýsta umræðu um áfengis- eða fíkniefnalöggjöf. Sem sagt, að ræða við þau um lögin, hvers vegna við erum með lög um þessi mál sem banna okkur og hefta og í kjölfarið að hvetja þau til þess að taka meðvitaða og upplýsta ákvörðun

fyrir sig sjálf varðandi hvort þau drekki eða ekki. Hugmyndafræðin er sú að það sér vanlegra til árangurs að fólk taki sjálft sínar ákvarðanir og finni hjá sjálfum sér hvað sé rétt og hvað sé það ekki, en ekki að bara af því að ég, mamma eða pabbi segjum að þetta sé bannað. Mér finnst þetta mjög skemmtileg nálgun á forvarnir og reynslan af því hefur verið mjög góð. Það skiptir mestu máli í mínu starfi, sem forstöðumaður félagsmiðstöðva, í forvarnarstarfi eða vert á kaffihúsi, að koma fram við fólk af virðingu og virða þeirra skoðanir og rétt þeirra til að taka sínar eigin ákvarðanir. Þetta þekki ég af eigin reynslu og það gera eflaust flestir.“

Allt tekur fimm mínútur á Ísafirði

– Er ekki mjög öflugt forvarnarstarf hér fyrir vestan?

„Jú það er mjög öflugt. Vá-Vest netið hefur þjónað góðum tilgangi. Stjórnin hittist og aflar upplýsinga og síðan er bakhópur sem teygir sig víða. En mér finnst fólk fyrir

vestan vera það vel upplýst og til í að ræða hlutina og viðra sína skoðanir. Kennarnir í skólunum og fyrst fremst unga fólkið, nemendurnir í skólanum, eru frábær. Starfsmenn í félagsmiðstöðvunum hjá Ísafjarðarbæ eru líka afburðafær í því sem þau gera. Ástandið er bara mjög gott.“

– Er landslagið þá búið að breytast í þessum efnum?

„Já eflaust. Ég var varaður við því þegar ég flutti vestur að þar væri mikil óregla og hræðilegt að búa. Staðreyndin er hinsvegar sú að hér er frábært að vera. Mér hefur alltaf fundist gott að vera hérna en núna er unglingamenningin og unga fólkið ótrúlega öflugt og flott. Mér finnst alltaf vera nóg að gera hérna.“

– Hvað hefurðu lengið búið á Ísafirði?

„Ég flutti í bæinn þegar ég var tvítugur svo það er komið á áttunda ár. Ég bjó í Hafnarfirði með mömmu og vann á bílaþvottastöð og vissi ekkert hvað ég ætti að gera við framhaldið af lífinu. Mömmu bauðst að kaupa gamla fjölskylduheimilið hér vestra að Aðalstræti 13, en afi sem var í húsinu þá var að flytja. Hún sló til og ég ákvað að fljóta með. Eins og ég sagði áðan, þá er mikil ævintýraþrá í mér og ég hugsaði mér af hverju ekki að prófa að búa að á Ísafirði. Mér fannst strax þegar ég kom að hérna fengi maður að byrja á núllpunkti, byrja upp á nýtt. Hjá því fólki og á þeim stöðum þar sem ég hef unnið, sérstaklega hjá Ísafjarðarbæ, hef ég fengið tækifæri til þess að dafna og þroskast sem persóna, einstaklingur og starfsmaður sem hefur verið alveg frábært og ómetanlegt.“

– Þannig að þú ert ekkert á förum á næstunni?

„Nei það er ekki á planinu að fara frá Ísafirði. Ég væri til í að búa í stórborg einhvern tímann en að öðru leiti hef ég ekki hugsað mér að fara héðan. Ég á tvö börn og alveg síðan ég flutti til Ísafjarðar hef ég litið á bæinn sem frábæran stað til að ala upp börn. Það er tvennt ólíkt að bera saman hvernig það er að byrja og koma sér upp lífi hér fyrir vestan og í höfuðborginni okkar. Fyrir utan hvað allt er einhvern veginn auðveldara og þægilegra þá er húsnæðið mun ódýrara og andinn einhvern veginn allt annar. Það er þessi nálægð við allt og alla sem er algjörlega ómetanleg. Mér finnst eins og hérna sé aldrei neitt mál og að einhvern veginn taki allt bara fimm mínútur heima á Ísafirði.“

– Eitthvað að lokum?

„Velkomin á Kaffi á Edinborg“, segir Erik og brosir breitt.

– *thelma@bb.is*



GODI

15% afsláttur

2.889 kr/kg
Verð áður 3.390 kr/kg

Lamba innralæri úr kjötborði*



GODI

20% afsláttur

1.490 kr/kg
Verð áður 1.862 kr/kg

Ofnsteik með ítölskum blæ

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 6. mars - 9. mars



199 kr
Verð áður 239 kr

Bilys Pan Pizza pepperoni og original



298 kr
Verð áður 415 kr

GODI

Skinka 216 gr



454 kr/kg
Verð áður 699 kr/kg

35% afsláttur

Kjúklingalæri með legg. Magnkaup



155 kr

6 bragðtegundir af ábætisostum



798 kr/kg
Verð áður 1.153 kr/kg

31% afsláttur

Ísfugls steiktur kalkúnabollur



119 kr
Verð áður 189 kr

Kappi kakómkjól 1/4 L 3 í pakka



499 kr
Verð áður 669 kr

Kristall plus m/blóðappel-sínubragði 6 x 0,5 L



199 kr

Jordan tannburstar



179 kr
Verð áður 399 kr

Bláber í boxi

Samkaup **úrval**

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Grundarfjörður • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 6. mars - 9. mars • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötbörð eru á staðnum

Skráning öryggisskjala fer senn að hefjast

Skráning ganga er snerta öryggismál íslenska ríkisins fer senn að hefjast. Skráningin mun m.a. fara fram á Ísafirði. Áætlað umfang þeirra gagna sem hér um ræðir, er um 2.200 hillumetrar og er gert ráð fyrir að það taki fjögur ár að vinna úr og flokka skjölin. Fljótlega mun verða auglýst eftir starfsfólki til að flokka skjölin. Verkefnið er ein af tillögum Vestfjarðaskýrslunnar og er á ábyrgð Þjóðskjalasafnsins og menntamálaráðuneytisins. Ekki liggur fyrir ákvörðun um fjölda stöðugilda en áætlað er að verkefnið taki að minnsta kosti 20-30 mannr.

Ritstjórnargrein

Öryggi – í orði eða á borði

„Þó að tillaga þessi sé flutt af hópi þingmanna Norðaustur-kjördæmis ber alls ekki að líta svo á að hún snúist um byggða-eða atvinnumál, heldur er hér fyrst og fremst um öryggismál að ræða sem brýnt er að leyst verði úr hið fyrsta.“ Svo segir meðal annars í greinargerð með þingályktunartillögu níu þingmanna úr NA-kjördæmi um að björgunarþyrla verði staðsett á Akureyri.

Undir tilvitnunina í greinargerðinni um að „hér (sé) fyrst og fremst um öryggismál að ræða sem brýnt er að leyst verði úr hið fyrsta“ er heilshugar tekið. Og það er af sömu ástæðu, að um brýnt öryggismál er að ræða, sem BB hefur margsinnis bent á að nauðsynlegt væri að eitt skipa Landhelgisgæslunnar væri staðsett hér vestra, að minnsta kosti yfir vetrartímann þegar allra veðra er von. Hefði hér heimahöfn. Reyndar er liðinn rúmur áratugur síðan blaðið fyrst hreyfði máls á því að Landhelgisgæslan yrði staðsett á Ísafirði. Var það gert í ljósi áforma þáverandi ríkisstjórnar um að dreifa ríkisstofnunum um landið; nokkuð sem fljótlega kom í ljós að ekki var mikil alvara að baki.

Um leið og tekið er undir kröfu Norðlendinga um staðsetningu einnar af væntanlegum þyrlum Landhelgisgæslunnar á Akureyri er þess um leið krafist að þyrla verði staðsett á Vestfjörðum. Rökin þarf ekki að tíunda. Þau eru hin sömu og hjá Norðanmönnum. Og auðvitað eiga Austfirðingar að fylgja með. Þeirra þörf er ekki síðri en Norðlendinga og Vestfirðinga.

Dómsmálaráðherra fundaði með bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar um miðjan febrúar. Hugmyndir heimamanna um björgunarmiðstöð á Ísafirði, hvar lögregla, slökkvilið og björgunarsveitir yrðu undir sama þaki, fengu undirtektir ráðherra sem gerir ráð fyrir að leggja hluta Neyðarlínunnar í þúkíð. Þegar kom að staðsetningu björgunarþyrlu á Ísafirði, líkt og Norðlendingar fara fram á, skall hurð í lás. Ein þyrlumiðstöð á landinu kalda, líklegast á Keflavíkurflugvelli, er markmiðið ráðherrans. Þar skal „öryggi allra landsmanna“ staðsett.

Þegar þyrlurnar verða orðnar fjórar, eins og að er stefnt, er fráleitt að þeim verði öllum holað niður á Keflavíkurflugvelli. Landsmenn allir eiga jafnan rétt til þess öryggis sem björgunarþyrlur veita. Þó svo að viðhald og eftirlit vélanna sé á einum stað er engin haldbær rök gegn staðsetningu þeirra í landsfjórðungunum.

Það verður að ganga að því sem gefnu að þingmenn NV-kjördæmis og Austfirðinga láti til sín taka í þessu máli, setjist undir árar með þingmönnum NA-kjördæmis. Það er óásættanlegt með öllu að öryggisþörf þegna landsins verði metin eftir búsetu. Lögheimili breytir engu um gildi mannslífa. *s.h.*

Á þessum degi fyrir 12 árum

Hætt komnir á Patreksfirði vegna reykeitrunar

Lögreglan á Patreksfirði rannsakar nú íkveikju sem átti sér stað í heimahúsi á Patrekfirði aðfarnótt sunnudagsins 4. febrúar síðastliðinn. Samkvæmt upplýsingum blaðsins munu átök eldsins hafa verið þau að sængurfatnaður var settur ofan á eldavél og kveikt undir með þeim afleiðingum að tveir menn voru hætt komnir vegna reykeitrunar. Þriðji maðurinn sem var í húsinu mun hafa vaknað við reykinn og náð að vekja hina tvo. Mennirnir tveir sem fengu hvað mesta reykeitrun munu hafa þurft að dvelja í Reykjavík í vikutíma þar sem þeir voru í afeitrunarmedferð. Samkvæmt upplýsingum blaðsins beinist grunur að ákveðnum einstaklingi á staðnum, en það hefur ekki fengist staðfest. „Málið er í eðlilegri meðferð og það er rétt að mennirnir voru hætt komnir. Annað ger ég ekki sagt til um málið á þessari stundu þar sem ekki er búið að taka skýrslur af öllum. Við höfum ekki getað tengt einstaklinginn við þetta mál en við eigum eftir að skoða málið nánar. Ég á von á að niðurstaða liggi fyrir í þessu máli eftir um vikutíma“, sagði lögreglumaður á Patreksfirði.

Hermann sæmdur bronsmerki

Hermann Nielsson, glímupjálfari á Ísafirði, var fyrir stuttu sæmdur bronsmerki Glímusambands Íslands fyrir sinn þátt í uppgangi íþróttarinnar á Ísafirði. Aðspurður segir Hermann að vissulega sé það heiður að fá viðurkenningu sem þessa. „En það er enn meira virði að sjá mitt íþróttafólk mæta í mót og standa sig vel. Að sjálfsögðu er gaman að fá að heyra að maður sé að gera eitthvað rétt. Maður er í þessu af hugsjón og gefur sig allan í þetta“, segir Hermann.



Leikfélag Menntaskólans á Ísafirði hefur unnið þrekvirki í að koma erfiðu leikverki á svið og hvergi sparað til í íburði sýningarinnar. Ljósmynd: Birgir Örn Sigurjónsson.

Hvergi dregið úr íburðinum

Söngleikurinn Rocky horror show var frumsýndur fyrir fullu Edinborgarhúsi á föstudagskvöld. Leikfélag Menntaskólans á Ísafirði færir verkið á svið í samvinnu við Loftkastalann í Reykjavík og er uppfærslan liður í Sólríshátíð menntaskólanema. Alls eru níu sýningar áætlaðar, sex í sólrísvikunni og þrjár í dymbilviku. Leikstjóri sýningarinnar er Hrafnhildur Hafberg.

Óhætt er að segja að Leikfélagið hafi ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, því Rocky horror er án nokkurs efa einn vinsælasti söngleikur allra tíma og þarfnast góðra söngvara og hljóðfæraleikara, íburðamikilla búninga, samhæfðra dansara og stórrar leikmyndar ef vel á að takast í uppfærslunni. Bjóst undirritaður allt eins við því að lítið leikfélag eins og þetta myndi skera verulega niður í íburðinum og stytta sér leið eins og mögulegt er, en varð skemmtilega hissa á metnaði félagsmanna.

Verkmenntadeildir skólans sáu um leikmyndargerð og er

ljóst að þar eru hagleiksmenn miklir innan veggja. Þá var engu til sparað í ljósa- eða hljóðbúnaði og talsvert í það lagt að auka myndræn áhrif sýningarinnar eins og hægt er. Búningum leikara var augljóslega ekki tjaslað saman úr gardínuefni korteri fyrir gíg, heldur voru þeir síst lakari en í öðrum uppfærslum á verkinu eða í bíómyndinni Rocky horror picture show sem óhjákvæmilega er miðað við í hvert skipti sem verkið er sett á svið.

Kjartan Trausti Þórisson var sannfærandi í hlutverki sögu- manns og Oddur Elíasson átti góða innkomu sem annars vegar Eddie og hins vegar sem dr. Everett Scott, sérstaklega þó í síðarnefnda hlutverkinu. Þá voru að vanda skemmtilegar hússtýrurnar Magenta og Columbia, leiknar af þeim Elmu Sturludóttur og Lísu Marý Viðarsdóttur.

Krypplingurinn Riff Raff, sem upphaflega var leikinn af Richard O'brien, höfund verksins, var að þessu sinni leikinn af Jóhanni Inga Þor-

steinssyni og tókst honum mjög vel til, þó sérstaklega í upphafslagi sýningarinnar.

Eggert Hermannsson tók að sér það erfiða verk að fara í ofvaxna pinnahælaskó Tim Currys í hlutverki kynverunnar og klæðskiptingsins Frank-N-Furter. Tókst Eggerti mjög vel að túlka þennan kynlega kvist, þó augljóslega væri hann ekki jafn æfður og Curry í að ganga á háhæluðum skóm.

Þá var Óskar Albertsson áhugaverður í hlutverki hins hálf-heilalausa sköpunarverks Franks, sjálfum Rocky.

Að öðrum ólöstuðum voru það þó sennilega þau Halldór Sveinsson og Elín Sveinsdóttir sem voru fremst meðal jafningja í hlutverki hinna saklausu og siðprúðu Brad Majors og Janet Weiss.

Kór sýningarinnar var einstaklega traustur og sannfærandi, en hann skipuðu þær Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir, Arna Dalrós Guðjónsdóttir, Berglind Jóhannsdóttir, Salvör Sæmundsdóttir og Svava Traustadóttir.

Hljóðfæraleikur var þar að

auki svo gott sem óaðfinnanlegur, enda ekki við öðru að búast af vönnum mönnum eins og þeim Halldóri Smárasyni, Valdimari Olgeirssyni, Birni Hjálmarssyni, Smára Alfreðssyni og Ásgeiri Þrastarsyni.

Eigi að gagnrýna eitthvað í uppfærslunni má segja að söguþráðurinn hafi kannski ekki komist nógu vel til skila og hefði undirritaður varla vitað hvað var að gerast ef hann hefði ekki séð kvikmyndina margoft. Til að allrar sanngirni sé gætt verður þó að segjast að fá leikverk hafa jafn fjarstæðukenndan og illskiljanlegan söguþráð eins og Rocky horror og hafa margir sæmilega vel gefnir menn þurft að sjá það oftar en einu sinni til að skilja söguna.

Á heildina lítið má segja að Leikfélag Menntaskólans á Ísafirði hafi unnið þrekvirki í að koma erfiðu leikverki á svið og hvergi sparað til í íburði sýningarinnar. Er ekki annað hægt en að hvetja alla sem vettlingi geta valdið til að sjá uppfærslu félagsins.

– halfdan@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólögðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* · Hálfán Bjarki Hálfánsson, símar 456 4694 og 863 7655, *halfdan@bb.is* og Smári Karlsson, sími 866 7604, *smari@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Gáfu tæki fyrir hálf milljón

Sjálfsbjörg, félag fatlaðra í Bolungarvík hefur fært sjúkrabjálfun Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur þrekhjól og fjölpjálfa og heilsugæslunni ljósalampa fyrir húðsjúkdóma. Öll tæki til sjúkrabjálfunar í Bolungarvík eru gefin fyrir fé sem Sjálfsbjörg hefur safnað með fjáröflunum undanfarin ár. Það var þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur sem tók formlega við gjöfinni. Eldri borgarar notfæra sér aðstöðu í sjúkrabjálfun Bolungarvíkur og glöggt má sjá hversu liðugir þeir eru að jafnaði og trúlega má þakka það þeim tækjum sem Sjálfsbjörg hefur gefið gegnum árin.



Hlutfall utan þjóðkirkju eykst

Um 87,5% íbúa í Ísafjarðarprestakalli tilheyrðu íslensku þjóðkirkjunni á síðasta ári samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Íslands. Örlítið fleiri karlar en konur standa utan þjóðkirkjunnar, en munurinn er varla marktækur. Hlutfall íbúa utan þjóðkirkjunnar hefur aukist frá árinu 2006 þegar 11,2% stóðu utan kirkjunnar.

Vestfirskar olíumellur

Ótrúlega hefur sá maður, Reynir Traustason, illa kynnt sér málefni Vestfjarða fyrst hann heldur, þó hann trúir því vart, „að þeim detti ekkert betra í hug en að kalla yfir sig mengun til að bjarga byggð.“ Hann virðist fáfróðari í þeim efnum en sá bæjarstjóri sem heldur, í ávarpi til Kristjáns Möller, að brjáláð sé að gera við að grafa göng á Vestfjörðum. Þeim bæjarstjóra er vorkunn, því stöðugt er verið að tala um það í fjölmiðlum að gera eigi þetta og hitt í vegamálum á Vestfjörðum og að göng vanti hingað og þangað. Ef marka má þær fréttir þá er alltaf verið að gera eitthvað fyrir Vestfirði, þó að í rauninni sé mest skrafað og skrifað en lítið gengið og gert.

Þrjónaverksmiðjur

Það má nefnilega ekki rugla því saman þegar einhver nefnir opinberlega „vestfirskan bjór“, „þrjónaverksmiðju“ eða „umhverfisháskóla“ við það að eitthvað hafi verið framkvæmt af þessu. Heldur má ekki rugla því saman þegar Vestfirðingar rausa um það í tugi ára að tengja þurfi saman byggðir á Vestfjörðum með jarðgöngum úr Dýrafirði, undir Dynjandisheiði, frá Súðavík, undir Arnarfjörð eða til

Bolungarvíkur við það að gerð séu ein einustu göng. Engin af þessum göngum hafa verið gerð, þó nú sé reyndar að hefjast gerð ganga milli Bolungarvíkur og Hnífsdals.

Göngum til Breiðafjarðar...

Einu sinni voru gerð hér göng, sem hlutu nafnið Vestfjarðagöng. Þau voru því miður höfð einbreið að mestu, þar sem umferðin um fjallvegina hafði verið svo lítil. Öllum til undrunar jókst umferðin og göngin eru nú allt of þröng. Sömu umferðarskortsrok eru notuð til að tefja gerð ganganna sem gera þarf frá Dýrafirði til Arnarfjarðar og þaðan til Breiðafjarðar, þetta eru sagðar svo fáfarnar leiðir að það liggi ekkert á að gera þetta. En þetta eru auðvitað fáfarnar leiðir af því að þær eru lokaðar hálftrið og þá eru 700 kílómetrar milli tveggja þorpa á Vestfjörðum.

Reynir, ekki nógu mikið...

Víkjum nú aftur að hinum fáfróða Reyni Traustasyni, sem telur sig vita að „Vestfirðingum er hollast að gera

sér grein fyrir því að auðlegð þeirra er fölginn í hrikalegu landslagi og hreinleika.“

Hann segir: „Því verður vart trúað að heimamenn séu í slíkri kreppu að þeim detti ekkert betra í hug“. Hann er auðvitað löngu flúinn frá Vestfjörðum þó hann telji sig kunna að búa hér. Hið sanna í málinu er að hér eru stöðugt í vinnslu og framkvæmd fjöldi góðra hugmynda, hvort sem það eru stórskútusiglingar, vatnstöppun, smyrslin frá Villimey, þorskelldi, fornbílasafn, kvikmyndagerð, Act alone einleikahátíð, Ástarvíkan, kræklingarækt, smáskútusiglingar, skrímslasetur, Strandagaldur, víkingaskip, tónleikahátíðir, fluguhjólíð Wish, skíðamót, rækjuvinnsla, leiksyningar, sjóstangveiði, svartfuglsveiðar, saltfiskhátíð, hljóðritun þjóðsagna, harmónikkusafn, stálsmiðakennsla á heimsmælikvarða, glerlist, harðfiskverkun, þjónustuver Glitnis, körfukappleikir með lúðrasveitarblæstri, rannsóknir, nú eða bruggun berjavíns. Ég gæti haldið áfram þangað til allir væru hættilir að lesa, en þótt ótrúlegt sé eru næstum öll þessi verkefni í framkvæmd en ekki bara á teikni-borðinu. Nær útilokað er að olíuflokkunarstöð gæti útrýmt

einu einasta þeirra.

Það sést af upptalningunni að við tökum öllum hugmyndum opnum örmum. Vestfirðingar munu reyna að takast á við þetta bensinverkefni, líkt og öll ofantalin verkefni, af fordómaleysi en með fullri dómgreind þó það kallist því ógæfulega heiti „olíuhreinsunarstöð“. Fýsileikakönnun og umhverfismat er enn eftir svo kveða megum upp dóm. Við óskum þess þó að ekki sé settur steinn í götu vora eins og ítrekað hefur verið gert þegar fótunum hefur verið kippt undan okkur margoft síðustu 100 árin.

Oft laug DV

Reynir lýgur því í fávísni upp á Vestfirðinga að þeir séu svo „heillum horfnir að þeir þrá það helst að fá mengandi olíuhreinsistöð inn í einhverja af perlum þessa fegursta svæðis Íslands“ og að þeir velti fyrir sér „hugmyndum á borð við eiturspúandi olíu í áður fögrum firði“. Hið rétta er að Vestfirðingar munu ekki taka við mengandi olíuhreinsistöð, eiturspúandi olíu. Olíuskilvindan sú mun ekki rísa hér nema tryggt sé að hún verði án mengunar. Okkar vonir standa til að hér geti risið olíu-



Gísli Halldórsson.

hreinsistöð sem yrði sú umhverfisvænsta í heimi, ekki bara að hún verði án allrar mengunar, hún ætti að menga minna en bensinstöðvar Hafnarfjarðar, heldur að hún losi minna koldíoxíð en dæmi eru um. Hún yrði til fyrirmyndar á heimsvísu um leið og hún yrði grunnur aukinnar þekkingar á Íslandi.

Ef Reynir Traustason hefði fylgst með umræðunni um þessa stöð, t.d. mætt hér á málþing eða kynnt sér gögn þess, þá vissi hann betur en skrif hans opinbera. Við vitum að DV hefur oft verið „eiturspúandi“ miðill, kannski það sé raunin hér. Reynir er vonandi bara að færa í stílinn þegar hann líkir Vestfirðingum við mellur, en hann skal ekki segja okkur neitt um það hvað okkur er hollast. Hann þarf ekkert að segja okkur um það hvaða möguleika við megum og megum ekki skoða. Ætli Reynir Traustason myndi nokkuð fara eftir því þó ein-

Ótrúlega hefur sá maður, Reynir Traustason, illa kynnt sér málefni Vestfjarða fyrst hann heldur, þó hann trúir því vart, „að þeim detti ekkert betra í hug en að kalla yfir sig mengun til að bjarga byggð.“

hver segði við hann að honum væri hollast að skrifa ekki illa um aumingja? Ætli hann skrifi ekki bara það sem honum sýnist?

Hlífum nú blessaðri Esjunni

Reynir talar um „olíu í áður fögrum firði“. Þeir eru nálægt hálfu hundraði firðirnir vestfirsku og bara í Dýrafirði og Arnarfirði eru dalir svo tugum skiptir. Það stendur ekki til að útrýma einum einasta firði, en satt er að það færi undir þetta nánast heill dalur. Vitanlega yrði olíuhreinsistöð afgerandi sjónmengun í þeim dal sem hún risi, en ég er þess fullviss að hún færi ekki með ásjónu Dýrafjarðar eða Arnarfjarðar jafnilla og farið hefur verið með ásjónu Esjunnar með framkvæmdum þar í grennd.

Gísli H. Halldórsson. Höfundur er bæjarfulltrúi fyrir Ísafjarðarbæ.



Grundskólinn á Ísafirði.

Hlutfall réttindakennara 64%

Hlutfall réttindakennara í grunnskólum Vestfjarða var 64% á síðasta ári og er hlutfallið talsvert lægra en árið áður þegar það var 72%. Sé aftur á móti lítið lengra aftur í tímann og síðasti áratugur skoðaður kemur í ljós að hlutfall réttindakennara hefur auk-

ist úr því að vera innan við helmingur og upp í u.þ.b. 2/3 hluta.

Árið 1998 voru réttindakennarar tæplega 49% í skólum fjórðungsins, en strax ári síðar var hlutfallið skriðið yfir 60%. Á árunum 2001-2004 datt hlutfallið aftur niður fyrir

60%, en hefur verið vel yfir því marki síðan þá, samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Íslands. Engum þarf að koma á óvart að konur eru talsvert fleiri en karlar í kennaraflota Vestfirðinga, en síðustu tíu ár hefur hlutfallið flókt milli 72 og 77 prósentustiga.

Eiturspúandi bæjarfulltrúi

Merkilegt er að lesa frá minnipokamanninum Gísla Halldóri Halldórssyni að undirritaður ljúgi því í fávísku að Vestfirðingum sé hollara að horfa til annarra atvinnutækifæra en þeirra sem gefast með olíuhreinsistöð. Bæjarfulltrúinn, sem ber þunga ábyrgð á erfiðri byggðarstöðu á Vestfjörðum vegna aðgerðaleyfis og almenns skorts, hikar ekki við að kalla Vestfirðinga olíumellur í fyrirsögn greinar á bb.is þar sem lagt er út af leiðaranum Portkonur Pútíns. Boðskapur þess leiðara er ekki sá að Vestfirðingar séu orðnir portkonur, heldur að þeir verði portkonur með því að setja upp olíuhreinsistöð. Rakalaus þvættingur Gísla um „flótt“ viðkomandi frá Vestfjörðum ber vott um heim-ötta hans. Þótt fólk flytji á milli landssvæða þá þýðir það ekki flótt heldur val. Þeir sem eftir sitja eru hvorki betri né verri en þeir sem

föru.

Reyndar er fjárhagsstaðan þannig í Ísafjarðarbæ undir núverandi stjórn að það hlýtur að vera hverjum brottfluttum íbúa fagnaðarefni að hafa farið í tíma. Bænum hefur verið stjórnað af mönnum eins og Gísla Halldóri og áður andlegum tvíbura hans Guðna Jóhannessyni, væntanlega brottflúnum fremur en fluttum. Margt bendir til þess að stjórn-tök þeirra hafi orðið til þess að bærinn sé að komast að mörkum þess að þurfa við gjörgæslu allra landsmanna. Sú staða bendir óneitanlega til vangetu þeirra sem fara með völdin.

Gísli Halldór ber ekki aðeins á borð að undirritaður hafi logið í leiðaranum heldur reynir hann að koma að óhróðri um DV sem hann talar um í samhenginu „eiturspúandi“ án þess að hafa eitt einasta dæmi um að núverandi ritstjórn hafi með neinum hætti brugðist lesendum sínum. Þar er mikill munur á sé borin



saman frammistaða bæjarfulltrúans sem vissulega hefur brugðist sínu byggðarlagi og er væntanlega tilbúinn til þess í örvæntingu þess sem ekkert getur að selja sig undir olíuhreinsistöð.

Gísla er, rétt eins og öðru olíufólki, óhætt að gera sér grein fyrir því að olíuhreinsistöðin sem þeir þrá er ekki þeirra einkamál. Músarholusjónarmið eiga ekki að ráða í þeim efnum og rasismi gegn öðrum íbúum Íslands er ekki boðlegur. Þjóðinni allri kemur það við sem menn aðhafast á landinu. Og það er öllum Íslendingum heimilt að hafa á því skoðun hver umgengnin er um íslenska náttúru.

Reynir Traustason.

Hlífarsamsætið haldið í 101. skipti

Árlegt Hlífasamsæti eldri borgara í Ísafjarðarbæ verður haldið í hundraðasta og fyrsta skipti sunnudaginn 9. mars kl. 15 í Frímúrarasalnum. Samsætið var fyrst haldið árið 1907 og hefur öðlast sess sem einn af föstum menningarviðburðum á Ísafirði. Að vanda verður boðið upp á margvísleg skemmtiatriði m.a. mun Hlífarkórinn syngja, prestur flytur hugvekju, flutt verður tónlist frá Tónlistarskólanum, upplestur, o. fl. Gestum verður boðið upp á ljúffengar veitingar, heitt súkkulaði með rjóma, kaffi og meðlæti. Að loknum skemmtiatriðum og kaffiveitingum verður stiginn dans.



Millilandaflug á málþingi

Málefni mögulegs millilandaflugvallar á Vestfjörðum voru í umræðunni á ný-afstöðnu málþingi um stór-íðnað á Vestfjörðum. Í pallborðsumræðum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði var spurt hvort raunhæft væri að hefja millilandaflug frá einhverjum flugvallanna á Vestfjörðum og hvað þyrfti að gera til að svo gæti orðið, en ekki er að sjá að þeirri spurningu hafi verið svarað. Eins og sagt hefur verið frá þarf flugvöllur að uppfylla kröfur samkvæmt reglugerðum um flugvelli og flugvernd sem byggðar eru á alþjóðlegum samþykktum. Í þessu felst meðhöndlun og skimun farþega, farangurs og fraktar, auk þess sem gera þarf flugvallarhandbók, öryggisstjórnunarkerfi og bæta aðflugsbúnað.

Síðastnefnda skilyrðið fer þó mjög eftir landfræðilegum aðstæðum hverju sinni og er í fljótu bragði séð það eina sem gæti komið í veg fyrir að millilanda-

flug hefjist aftur frá Ísafjarðarflugvelli. Flugmálastjórn er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði að því gefnu að hefð sé fyrir flugi um völinn, sem sannarlega er á Ísafirði. Beðið er eftir umsögn Flugmálastjórnar hvað þetta varðar og verða frekari ákvarðanir ekki teknar fyrr en sú umsögn er fengið, en völlurinn er einn þriggja á landinu sem samgönguráðuneytið er að skoða sem mögulega millilandaflugvelli. Þar á bæ er fullt að nauðsynlegar endurbætur á girðingum, í skimunarbúnaði og fleiru muni kosta um 40 milljónir króna.

Málið er nokkuð flókið og þrír opinberir aðilar koma að því; Flugmálastjórn sem hefur eftirlit með reglum og veitir frá þeim undanþágur ef svo ber undir, samgönguráðuneytið sem ákveður hvaða fjármagn skuli notað og í hvaða verkefni, og Flugstöðir sem reka flugvelli landsins. – *halfdan@bb.is*

„Beint flug til Evrópu ekki hagkvæmt“

Beint farþegaflug milli Ísafjarðar og Evrópu er ekki hagkvæmur og heppilegur kostur. Þetta segir Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts á Suðureyri, en fyrir- tæki hans fékk styrk frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands í vetur til að vinna að þróun flugsamgangna milli Evrópu og Vestfjarða. „Við erum búnir að vinna með Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Impru og Alsýn að þessu verkefni og búnir að kanna alla fleti á því hver sé hagkvæmasti kosturinn í þessum farþegaflutningum“, segir Elías. „Það er skemmst frá því að segja að það er engan veginn hagkvæmt að fljúga beint frá Evrópu, miklu betra er að nota Keflavíkurflugvöll sem tengipunkt.“

Elías tekur fram að hann sé ekki að fella neinn dóm um nauðsyn alþjóðaflugvallar á



Beint flug milli Ísafjarðar og Evrópu er ekki hagkvæmt að sögn Elíasar Guðmundssonar.

Ísafirði vegna þjónustu við Grænland eða ferjuflug, en hvað hans rekstur varðar sé beint millilandaflug ekki hagkvæmur kostur.

Eins og Vestfirðingum ætti

að vera kunnugt hefur verið mikill vöxtur í ferðaþjónustu tengdri sjóstangaveiði og flytur Hvíldarklettur inn síaukinn fjölda erlendra ferðamanna. Þess vegna hefur legið á að

leita hagkvæmari lausna í flutningi þessara ferðamanna til Vestfjarða, en oft hafa þeir þurft að gista á hóteli yfir nótt í Reykjavík áður en þeir komast vestur til veiða.

„Beint flug til Evrópu er hagkvæmt“

Beint farþegaflug milli Ísafjarðar og Evrópu er hagkvæmur og heppilegur kostur að mati Hauks Vagnssonar í Bolungarvík. Segir Haukur að hann og hans samstarfsaðilar séu ekki sammála fullyrðingum Elíasar Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Hvíldarkletts á Suðureyri. „Við þurfum engan styrk frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands eða öðrum til þess að komast að þessari niðurstöðu. Ég hef í samvinnu við Trans Atlantic ferðaskrifstofuna á Akureyri, nokkur erlend leiguflugfélög

og fagaðila kannað í þáula möguleika á þessu flugi. Niðurstaðan liggur fyrir, flug milli Ísafjarðar og Evrópu er raunhæfur og mögulegur kostur. Það skal þó fúslega viðurkennt að heppilegra væri að byggja upp alvöru millilandaflugvöll á Vestfjörðum til að taka við stærri og hagkvæmari vélum“, segir Haukur.

Hann segir að miðað við sé fjögur markmið; styttingu ferðatíma milli Evrópu og Vestfjarða, einföldun ferðalagsins og lækkun ferða- og fraktkostnaðar. „Með okkar

hugmyndum og lausnum á flugi er öllum ofangreindum þáttum náð. Ekki veit ég hvað veldur því að niðurstaða okkar könnunar annars vegar og Elíasar og félaga hins vegar er mismunandi. Ég veit ekki hvort fagaðilar með nægilega þekkingu á flugi og flugvélum hafi verið í þeirra hópi, alla vega virðumst við hafa fundið möguleika sem þeir hafa ekki fundið.“

„Mögulega hafa Elías og viðskiptafélagar hans í hans verkefni hag af því að þvinga óviljuga sjóstangveiðimenn til

að gista í Reykjavík og eyða þar degi í útsýnisferðir, kannski hann dragi það tap inni útreikningana. Ef svo er, þá þykir mér það miður að hann láti hafa eftir sér visvitandi ranga niðurstöðu sem að sjálfsögðu skaðar baráttu okkar fyrir því sjálfsagða baráttumáli að fá Ísafjarðarflugvöll skráðan sem millilandaflugvöll og á síðari stigum að fá alvöru flugvöll til millilandaflugs á Vestfirði“, segir Haukur Vagnsson í Bolungarvík í samtali við blaðið.

– *halfdan@bb.is*

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Ábyrgur ráðherra

Það er ekki auðvelt að vera sjávarútvegsráðherra um þessar mundir. Kreppt hefur að atvinnugreininni á undanförunum árum. Þorskveiðar hafa verið minnkaðar og úthlutun kvóta er aðferðin til að stjórna. Stöðugt hefur dregið úr kvóta til að veiða þorsk. Einar K. Guðfinnsson hefur staðið frammi fyrir erfiðum ákvörðunum, fyrst varðandi niðurskurð þorskveiða á undanförunum árum. Fyrir skömmu varð Einar að ákveða á grundvelli upplýsinga sérfræðinga sem fengist höfðu við rannsóknir á loðnustofninum hvernig bregðast skyldi við því að loðna fannst ekki. Hann tók ákvörðun og bannaði loðnuveiðar. Það var rétt.

Um leið var ákveðið að halda áfram leit að loðnu og reyna að finna hana. Gæfan var með sjávarútveginum. Loðnan fannst og miðvikudaginn 27. febrúar leyfði ráðherra loðnuveiðar á ný. Víkan á undan var sjávarútvegsráðherra Einari K. Guðfinnsyni vafalítið erfið. En hann tókst á við þau vandkvæði sem biðu og fór um landið, ræddi við sjómenn, útgerðarmenn og sveitarstjórnarmenn, sem að vonum voru afar óánægðir með stöðu mála á loðnuvertíðinni.

Ummæli útgerðarmanns á Tálknafirði um sjávarútvegsráðherra dæma skrif hans á svokölluðu bloggi, en ekki Einar K. Guðfinnsson. Þegar um er að ræða eitt helsta fjöregg þjóðarinnar, sjávarútveginn, er skynsamlegt og í hæsta máta eðlilegt að fara með gát. Sá sem úthúðar ráðherra fyrir að

styðjast við ráð vísindamanna og viðurkenndrar stofnunar íslenska ríkisins hlýtur að eiga margt ólært. Þeir sem láta hvers kyns ummæli og allt of oft óhróður um þá sem hafa skyldum að gegna fyrir íslenska ríkið hljóta að vera vanfærir um greina samfélagið, skyldur ráðamanna og skyldur þeirra sem nota ritfrelsið til að tjá sig.

Misnotkun ritfrelsis einu sinni er einu sinni of oft. Vandí fylgir vegsemd hverri og sá ágæti maður sem gegnir nú embætti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur sýnt sig í því að rækja skyldur sínar af samviskusemi og alúð. Hann hefur hlotið það hlutskipti að verða boðberi válegra tíðinda og staðið undir þeirri raun af festu og þrúðmennsku. Það er því undarlegt að velja honum fúkyrði þótt menn séu ósammála því að skerða afla. Til lengri tíma litið er aðeins ein leið fyrir okkur Íslendinga og hún er sú að takast strax á við þau vandamál sem steðja að og gera það með ábyrgð og festu.

Einar K. Guðfinnsson gerir það, sýndi það seinast á sunnudaginn var í Silfri Egils, þar sem að honum var vegið af pólitískum mótherjum, sem þó tala stundum um að allir eigi að standa saman. Það var því ánægjuefni að sjávarútvegsráðherra átti þess kost að leyfa rækjuveiðar í Arnarfirði. Þau góðu tíðindi flutti hann af sömu hógværd og hin slæmu, en þá spara flestir að færa þakkir og hrós. Þannig er pólitíkin, en fúkyrði eiga aldrei rétt á sér.

0,01% launahækkun Bolvíkingum ofviða

Samningar sveitarfélaga við kennara eru lausir 31. maí næstkomandi. Í Silfri Egils lýsti Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, fjárhagsstaða margra sveitarfélaga væri það slæm að þau hefðu ekki efni á að hækka laun kennara. Sagði hann að Bolungarvík hefði ekki efni á að hækka laun kennara um 0,01%. Í fréttum Ríkisútvarpsins sagði Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, að sveitarfélögin væru misjafnlega í stakk búin að takast á við launahækkunir.

Gera athugasemd við enskt heiti Faxaflóahafna



Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur falið hafnarstjóra að koma á framfæri athugasemd við enskt nafn Faxaflóahafna. Upp á ensku heita þær Associated Icelandic Ports, eða Sameinaðar íslenskar hafnir. Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri segir að þeir eigi ekki að festa sér það vörumerki að þeir séu sameinaðar íslenskar hafnir. „Við teljumst vera íslensk höfn en erum ekki í neinu samkurli með Faxaflóahöfnum svo ég skil ekki þessa nafngift“, segir Guðmundur.

Hafa þurft að fá undanþágu vegna Grænlandsflugs

Sú staðreynd að Ísafjarðarflugvöllur er ekki flokkaður sem millilandavöllur hefur orðið til þess að Flugfélag Íslands hefur þurft að fá undanþágur fyrir sínum leiguverkefnum á Grænlandi. „Í vor var okkur sagt að það væri ekki leyfi fyrir þessu og í fyrstu

tveimur flugunum þurftu farþegar að biða í vélunum meðan verið var að fylla þær af eldsneyti og fengu þá hvorki að gera þarfir sínar né annað“, segir Arnór Jónatansson, umdæmisstjóri Flugfélags Íslands. „Síðan fengum við undanþágu og farþegar fengu þá


að fara úr vélunum undir tolleftirliti. Núna erum við að reyna að fá sambærilega undanþágu fyrir næsta sumar. Lögð hefur verið inn umsókn hjá Flugmálastjórn, en við erum ekki búnir að fá svör við henni.“

Arnór segir að flogið hafi

verið frá Ísafirði til Grænlands í 30 ár. „Og það fer væntanlega að aukast núna út af málmeitinni. Í vor verða farnar nokkrar ferðir með tæki og tól og svo í sumar með mannskap. Langtímaplanið er að leita meira og þá er Ísafjörður besti staðurinn fyrir þjónustu-

miðstöð“, segir Arnór.

Því má bæta við að Flugfélag Íslands ákvað nýlega að skilja að rekstur Twin Otter véla sinna frá öðrum rekstri félagsins, en samkvæmt fréttum frá félaginu er gert ráð fyrir að verkefni vélanna haldist í fullum gangi eða aukist



Arnór Jónatansson, umdæmisstjóri Flugfélags Íslands á Ísafirði.

jafnvel í höndum nýrra eigna. – halfdan@bb.is

Vestur-Íslendingar til Vestfjarða

Vestfirskt ættfræðisetur og ferðaþjónusta á grunni sögulegra tengsla fyrri alda eru meðal hugmynda sem lagðar voru fram á vetrarþingi Framtíðarlandsins í nóvember. „Staðreyndin er sú að rúmlega 500 Íslendingar fluttu vestur um haf frá Vestfjörðum, reyndar heldur færri en úr öðrum landsfjórðungum. En Vestur-Íslendingar, hvert sem þeir rekja ættir sínar til, ættu sannarlega að vera í markhópi þeirra erlendu ferðamanna sem þurfa að fá að vita betur af Vestfjörðum, einum sérstæðasta landshluta Íslands. Flestar hugmyndirnar sem settar eru fram hér eiga vel við um hugsanlega „landkynningu“ á Vestfjörðum sem á erindi við alla, ekki bara Vestur-Íslendinga“, segir í skýrslu um vetrarþingið.

Lagt var til að Vestur-Íslendingum yrði m.a. boðið upp á saumanámskeið í upphlutsaumi, óvissuferð um firðina og íslenskunámskeið. Þeim yrði kennt að þrjóna tviþumla vettlinga og hvernig á að þæfa. Eins væri hægt að tína steina á æskuslóðum

tugþúsunda Vestur-Íslendinga, heim við bæ þar sem forfeður þeirra bjuggu.

Á síðustu áratugum 19. aldar fluttust tugþúsundir Íslendinga til Vesturheims. Eins og bent er á í samantekt vetrarþings Framtíðarlandsins hafa opnast nýir möguleikar með tilkomu netsambanda til samskipta og upplýsingaöflunar. „Mörg Íslendingafélög starfa með miklum blóma vestanhafs. Marga Vestur-Íslendinga þyrstir í að komast á æskuslóðir langafa og langömmu og kynnast skyldmönnum á Íslandi. Það gefur marga möguleika á tækifærum í ferðaþjónustu.“

Einn af ráðgjöfum Framtíðarlandsins spannar við hugmyndina um tengsl við Vestur-Íslendinga og benti á að í gegnum tíðina hafa Vestfirðingar sjálfir átt heilmikil milliliðalaus samskipti við umheiminn, til að mynda í gegnum verslun á Bíldudal í kringum aldamótin 1900. „Þá má ekki gleyma samskiptum Vestfirðinga við baskneska og spænska hvalveiðimenn allt aftur á 17. öld. Við upphaf 21.



Vestur-Íslendingar, hvert sem þeir rekja ættir sínar til, ættu sannarlega að vera í markhópi þeirra erlendu ferðamanna sem þurfa að fá að vita betur af Vestfjörðum, einum sérstæðasta landshluta Íslands. Myndin er af Hornbjargi.

aldarinnar er Vestfirðingum ekkert til fyrirstöðu að efla á ný tengsl af þessu tagi, og þannig mætti til dæmis fylgja

í fótspor Vesturfara og líta til Kanada“, segir í skýrslunni.

Framtíðarlandið, félag áhugafélks um framtíð Íslands, stóð

fyrir vetrarþingi í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í nóvember þar sem fjallað var um stöðu nýsköpunar. Leiddir voru

saman sérfræðingar á sviði nýsköpunar og fremstu eldhugar vestfirks atvinnulífs.

– thelma@bb.is

Jón Björnsson ráðinn á Hornstrandastofu

Jón Björnsson, nemi og fyrrum íþrótta- og tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur verið ráðinn forstöðumaður Hornstrandastofu. Jón tekur til starfa 1. mars nk. Tveir aðrir sóttu um starfið. Jón mun hafa umsjón og eftirlit með friðlandinu á Hornströndum og fyrirhugaðri gestastofu friðlandsins, Hornstrandastofu á Ísafirði. Yfir sumar mánuðina verður starfsvettvangur sérfræðingsins í frið-

landinu vegna eftirlits, fræðslu, vöktunar og fleiri verkefna. Í auglýsingunni kemur fram að gert sé ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf 1. apríl. Á ruv.is segir að nýtt starf umsjónarmanns friðlandsins á Hornströndum sé eitt af þeim störfum sem lofað var að koma á laggirnar í tengslum við tillögur Vestfjarðanefndarinnar.

Hjalti J. Guðmundsson, forstöðumaður náttúruverndar-



Jón Björnsson.

og útivistarsviðs Umhverfisstofnunar segir að með þessu nýja starfi verði málefnum

Hornstrandafriðlandsins komið undir einn hatt. „Landvarslan verður með nánast óbreyttu sniði nema að því leiti að hún verður aukin og bætt. Að öllum líkindum verða ráðnir sumarlandverðir og við ætlum að reyna að koma þessu starfi í fastan farveg. Við höfum átt ljómandi gott samstarf við Ísafjarðarbæ en nú mun Umhverfisstofnun taka alveg yfir reksturinn.“

Hjalti segir að búast megi

við því að þjónustan verði betri, öryggi ferðamanna bætt en jafnframt verði eftirlit með illa séðu athæfi eftir til muna, svosem umferð vélknúinna ökutækja og þess háttar. „Hornstrandastofan er svo hugsuð sem eins konar hlið inn á svæðið með fróðleik og upplýsingum og um þessar mundir erum við að leita að húsnaði undir starfsemin.“

Friðlandið var stofnað 1975 og eru mörk þess um Skorar-

heiði milli Hrafnfjarðar og Furufjarðar og nær friðlandið því yfir Hornstrandir og hluta af Jökulfjörðum. Von er á drögum frá skipulagsvinnuhópi norðan Djúps á vormánuðum og því ljóst að tilvonandi umsjónarmaður á spennandi tíma fyrir höndum, því enn er óvíst hvað aðalskipulagsbreyting hefur í för með sér; óbreytta stöðu eða þjóðgarðsvæðing Hornstranda.

– smari@bb.is

3G dreifikerfi Símans

3G dreifikerfi Símans mun ná til stærra svæðis en GSM kerfið.



GSM dreifikerfi Símans

Uppsetningu lýkur sumarið 2008.





Stærsta dreifikerfið stækkar

Í sumar lýkur Síminn uppsetningu langdræga GSM dreifikerfisins um allt land. Samhliða því hefst uppbygging langdrægra 3G senda sem valda mun byltingu í farsímaþjónustu við Íslendinga. Sjómenn, björgunarsveitir og ferðafólk kemst þá í þröðlaust, háhraða netsamband nánast hvar sem er á landinu, auk þess að ná símasambandi á mun stærra svæði en nú er mögulegt.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn** 



Sími



Netið



Sjónvarp

„Ég fatta ekki þessa þráhyggju fyrir peningum. Fólk þarfnast ekki peninga heldur það sem það getur fengið fyrir þá. Nú er búið að skrifa stórum stöfum að maður geti ekki keypt hamingjuna en samt keppast allir við að eignast sem mesta peninga. Hvað er svona gaman að því? Fólk leyfir sér að komast í hringrás atvinnulífsins þar sem því meira sem það vinnur, þeim mun meira kaup fær það á meðan tími lífsins styttest.“

„Eins og nýtt afbrigði blóms í blómagarði“

Nína Ivanova er fædd og uppalin í Moskvu en er nú búsett á Ísafirði. Hún er listakona og grafískur hönnuður og að eigin sögn mikil áhugamanneskja um fólk. Eftir að hafa alist upp í 12 milljón manna stórborg segir hún að það sé nauðsynlegt fyrir hvern og einn að búa á manneskjulegum stað eins og Ísafirði. Nína kann afar vel við sig á Ísafirði en hún hefur ásamt eiginmanni sínum, listamanninum Ómari Smára Kristinssyni, búið víða, allt frá Þýskalandi til Æðeyjar í Ísafjarðardjúpi. Bæjarins besta ræddi við Nínu um listina, heimahagana og þá sérstöðu að vera Rússi með íslenskan ríkisborgararétt.

– Hvernig kom það til að þú fluttir til Íslands, og það til Ísafjarðar?

„Ég lauk fyrsta hluta af námi mínu í Moskvu og hélt sýningu í Þýskalandi sem gekk svo vel að mér var boðið að koma aftur og aftur til landsins að sýna. Það var óhagkvæmt að ferðast á milli landanna, bæði dyrt og erfitt, svo ég ákvað að fá dvalarleyfi sem nemi í Þýskalandi. Það var nú það gáfulegasta sem ég hef gert því í skólanum hitti ég Smára.

Þegar við höfðum verið saman í um ár fannst mér það svolítið ótrúlegt hversu vel sambandið gekk. Enda vorum við bæði útlendingar saman í nýju landi svo maður vissi í raun ekki hvernig hin manneskjan væri í alvöru. Það sést ekki nema maður sjái manneskjuna í sínu eðlilega umhverfi. Við ákváðum því að gera tilraun og fluttum til Íslands, en þó tímabundið. Við fluttum í Kópavog í eitt ár á meðan Smári var að ljúka námi við Myndlista–og handíðaskóla Íslands. Þá var ég ekki einu sinni hugsa út í það að fara að læra íslensku, enda fannst mér engin þörf á því. Allir töluðu ensku og það var ekki eins og ég væri að flytja til Íslands, bara að kíkja í heimsókn.

Um sumarið fórum við til Landmannalauga sem er mjög sérstakur staður, en við höfum rekið verslun þar undafarin

sumur.

Síðan fórum við aftur til Þýskalands og ég kláraði nám mitt. Þá hringdi Bogga, systir hans Smára, og sagði að hún vissi um vinnu sem væri fyrir sérvitringa og hvort við hefðum áhuga á því. Við höfðum nú heldur betur áhuga og gerðumst vetursetumenn í Æðey í Ísafjarðardjúpi. Það varð til þess að ég fluttist til Ísafjarðar, því eftir þetta varð ekki aftur snúið.

Við komum í heimsókn til Ísafjarðar á haustin og vorin en vorum alltaf að leita okkur að stað til að búa á, því okkur langaði til að vera á Íslandi. Ég vildi ekki búa í Reykjavík því ég er sjálf úr stórborg, en það búa um 12 milljónir í Moskvu, og ég var búin að reyna það. Mér finnst það hluti af þróun manneskju að prófa að búa í stórborg og safna upplýsingum. Síðan þarf að sía út það sem hentar manni og finna út hver maður sjálfur er. Eftir það á maður að búa á manneskjulegum stöðum, eins og á Ísafirði.

Okkur leið mjög vel úti í eyju og það var svo flott tækifæri til að geta kynnst hvort öðru. Líf mitt snýst ekki bara um starfsferil heldur er ég í rauninni mjög sjálfhverf. Líf mitt snýst mikið í kringum mig sjálfa og að finna mitt eigið jafnvægi. Að sjálfsögðu er fjölskyldan mín og þeir sem eru mér tengdir hluti af því. En þetta er eins og að ganga á línu og með hverju skrefi þarf að finna nýjan jafnvægispunkt. Hvort sem það er á milli þess að vera feimin eða frekja, kalt eða heitt, róleg eða æst. Og úti í Æðey vorum við að finna okkar jafnvægi og íhuga hvað við vildum gera við líf okkar. Mig langaði ekki lengur að klífa metorðastigann. Ég var byrjuð að breytast í einhverja skrifstofublók sem ég hafði enga hæfileika til. Ef ég væri mjög flink viðskiptamanneskja þá kannski myndi ég vilja halda áfram í myndlist sýningarsalanna, en svo er ekki raunin.

En lífið úti í Æðey var yndislegt. Allt sem ég lærði þar

var orðið of mikið bara fyrir okkur tvö og ég vildi helst deila því með öðrum. Þarna fengum við alla þjónustu frá landi, mat, síma og rafmagn. Ef eitthvað bilaði var það lagað, við vorum hluti af samfélagi þótt það væri ekki hægt að umgangast fólkið beint. En mér fannst vera kominn tími til að prófa eitthvað nýtt. Á vorin og haustin ferðuðumst við um landið og leituðum af stað til að búa á. En það var enginn sem jafnaðist á við Ísafjörð. Hann svaraði öllum þeim skilyrðum sem við vorum að leita að.

Á Ísafirði höfum við allt sem við þurfum. Staðurinn er ekki of stór og ég get gengið hvert sem ég þarf að komast en ég keyri ekki bíl og langar ekki til að læra það. Mjög skemmtilegur andi er í bænum. Hér býr margt úrvals fólk. Ég held að margir fatti ekki hversu æðislegt er að búa á Ísafirði (sem betur fer, því annars væri staðurinn troðfullur af fólki). Hérna brosir fólk við hvert öðru þegar það mætist úti á götu og allir hafa áhuga á nágrannanum. Þetta kann ég vel við en ég er mikill áhugamanneskja um fólk. Þegar við komum frá Æðey, þá fengum við okkur ekki sjónvarp strax. Við höfðum hvorki tíma né pláss og nú langar mig ekkert til þess. Mér finnst mun skemmtilegra að umgangast fólk. Það er miklu betra en einhver sjónvarpsþáttur um gervivandamál vina og vinkvenna.“

Nýtt blóm í blómagarði

– Hvað hefurðu tekið þér fyrir hendur á Ísafirði?

„T.d. hef ég verið að kenna vatnslitanámskeið fyrir fullorðna í Edinborg en það hefur komið í ljós að ég hef mun meira gaman af því að vinna með fullorðnu fólki. Ég er ekki hæf til að kenna börnum og segja sama hlutinn aftur og aftur,“ segir Nína með bros á vör.

„Svo hef ég haldið áfram tölvuvinnunni sem ég byrjaði

á úti í Æðey en þá er ég helst að vinna í grafískri hönnun og heimasíðugerð. Hallgrímur Sveinsson hjá Vestfirska forlaginu fékk mig til að brjóta um bækur en mér finnst það mjög merkilegt og séríslenskt að hér þarf ekki endilega vottorð eða plögg sem sýna fram á að maður geti gert hlutina. Hann sagði mér bara að prófa og ég hef lært þetta. Við bjuggum lengi í Þýskalandi og þar er farið þveröfugt að þessu. Vottorð um að maður hafi lokið einhverju námskeiði vegur mun meira en það sem maður kann. Að minnu mati bremsar þetta allar tilhneigingar til þróunar. Fólk vill ekki einu sinni reyna ef það þarf sérstakt skurðfjárnapróf til að skrífa skrífu. Mér finnst alveg frábært að fá að prófa mig áfram á Íslandi.

Sem dæmi um hverju maður getur áorkað ef maður prófar, þá er ég núna að taka þátt í mjög skemmtilegu námskeiði hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða fyrir innflytjendur. Fyrir nokkrum árum hefði mér ekki dottið í hug að ég gæti búið til prógramm og kennt á námskeiði en nú er ég að reyna það. Og þá sérstaklega hjá fólki sem talar ekki reiprennandi íslensku. Langflestir þátttakendurnir eru tælenskar konur og námskeiðið snýst um að hjálpa þeim að aðlagast íslensku lífi á myndlistrænan hátt. Við erum nokkrir kennarar sem kennum þeim á mismunandi hátt. Það verður boðið upp á tungumálakennslu og Guðrún Jónsdóttir óperusöngkona kennir þeim söng. Það er mjög sniðugt þar sem stundum er auðveldara að syngja heldur en að tala. Þetta á líka við um fólk sem stamar. Og svo verð ég með eitthvað skemmtilegt sem ég er að hugsa um að kalla myndræna hugsun. Mynd segir jú meira en mörg orð. Svo ætla ég að deila með fólkinu minni eigin sögu og hvernig það var fyrir mig að koma til Íslands.

Ég hef velt því fyrir mér hver staða mín og sjálfsmynd er. Hver er ég? Ég er náttúrulega Rússi en með íslenskan

ríkisborgararétt. Mér fannst það mjög töff og fyndið að breyta ekki nafninu mínu og vera Nína Ivanova Íslendingur. Það er svolítið fyrirbæri að vera Rússi en samt Íslendingur. Ég hef spáð í því hvernig ég ætti að titla mig og finnst innflytjandi ekki passa þar sem ég er löngu hætt að flytja og er núna bara kyrr á Íslandi. Ég mun aldrei glata bakgrunnum mínum, sem betur fer, því hann gerir mig sterkari. En ég hef einnig verið að aðlagast háttum Íslendinga og að sumu leiti hefur það einnig gert mig sterkari. Til dæmis er ég miklu þrjóskari og stend fastar á mínu en ég gerði í landi þar sem allt var klippt og skorið og maður hafði skýrar reglur til að fylgja.

Stundum kemur fyrir þegar ég tala við fólk að ég gleymi að hugsa um hver ég sjálf er. Ég reyni að segja eitthvað svaka gáfulegt en það segir á móti: „Vá hvað þú talar góða íslensku“ og hefur í raun ekki heyrt orð af því sem ég sagði því það var svo mikið að spá í íslenskukunnáttunni. Ég upplífi það svolítið eins og því finnst ég vera talandi páfagaukur eða kálfur með tvo hause,“ segir Nína og skelli hlær.

„Svo á móti kemur að stundum þegar ég er í kringum fólk sem ég umgengst mikið eins og fjölskyldu Smára gleymir það að ég sé ekki Íslendingur. Ég hef því nokkra sérstöðu sem ég hef verið að reyna að gefa nafn. Ég er „sérstakur Íslendingur“ eða „rússneskur Íslendingur“. Ég vil ekki þykjast vera íslenskur Íslendingur og þess vegna vildi ég ekki breyta nafninu mínu. Ég vildi ekki allt í einu heita Nína Sigurðardóttir eða eitthvað slíkt og enginn myndi hafa hugmynd um hvaðan ég kem. Svo ég vil bara búa til nýja tegund, eins og nýtt afbrigði blóms í blómagarði.“

Orsök og afleiðing, ekki óskyld fyrirbæri

– Heldurðu að það sé einhver munur á því hvernig það

er fyrir konu að flytja til landsins eða karlmann?

„Ég held að vandamál séu svipuð í hvaða landi sem er. Ég hef lesið að konur séu í flestum tilfellum mun fljótari að læra tungumálið en karlmenn. Þó að sjálfsögðu séu undantekningar á því eins og öllu öðru. Ég get ímyndað mér að karlmönnum finnst erfðara að læra tungumál. Þeir eru kannski meiri fullkomunar-sinnar og því feimnari við að segja eitthvað vitlaust. Kannski liggur orsökina að hluta til í eðli kynjanna, en þar sem konur hafa í gegnum tíðina séð um að ala upp börnin, hafa þær líka þurft að kenna þeim tungumálið. Þetta held ég að sé alþjóðlegt fyrirbæri. En hins vegar getur það líka vegið þungt á hvaða forsendum fólk flytur til nýs lands. Karlmennt koma oftar til að vinna, en konur koma oft sem eiginkonur. Ef eiginkonan umgengst engan nema manninn sinn og hans fjölskyldu, get ég ímyndað mér að það sé erfitt að komast út úr þeim lokaða hring. Og svo fer það náttúrulega eftir karlmanninum hvort að hann vilji kenna konunni sinni að tala íslensku. Mér finnst að karlmenn eigi að hugsa um sína ábyrgð þegar þeir koma með eiginkonu til landsins. Þeir eiga að kenna konunni að tala tungumálið enda eru þeir ekki að fá til sín einhverja öskubusku heldur félaga sem þeir ætla að eldast með. Hvernig er hægt að eyða lífi sínu með einhverjum ef maður getur ekki tjáð sig almennilega. Og því eldri sem maður verður því meira hefur maður til að segja frá. Hvernig á eiginkonan að geta huggað mann sinn þegar hann er orðinn gamall og þjáist ef til vill, ef þau geta ekki einu sinni talað saman?

Það er svolítið séríslenskt fyrirbæri að fólk hugsi ekki fram í tímann. Það er eins og það haldi að orsök og afleiðingar tengist ekki á nokkurn hátt. Mér finnst að það ætti að kenna rökhugsun í skólum. Það er eins og með þessar hugmyndir um oliuhreinsi-

„Í þessum starfsferli er ætlast til þess að námi loknu, að maður haldi sig við sama þema og geri hluti sem líkjast þeim sem maður hefur áður gert, svo verk manns verði þekkjanleg. En það hentaði mér ekki. Ég vil frekar vera áhugamanneskja í mörgu en svakalegur sérfræðingur í einhverju einu. Nútíminn leyfir það öllum.“

stöð. Fólki sér eingöngu að það muni fá 500 vinnupláss. Þetta er kannski sama fólkið og er að kvarta yfir smá reykjarslæðu frá Funa. Ég veit ekki hvað það þyrfti marga Funa til að jafnast á við olíuhreinsistöð. Þetta er bara eitt dæmi um það þegar fólk hugsar ekki lengra en eitt skref í einu.“

Tíminn, óskir og peningar

– Er mikill munur á Rússum og Íslendingum?
„Í grunninn eru vandamálin þau sömu. Ég þekki best höfuðborgarbúa í Rússlandi sem eru alltaf svolítið eins og sér þjóð. En jú, mér finnst vera munur. Þá helst finnst mér Íslendingar vera heiðarlegri og þeirra fyrsta hugsun er ekki hvernig þeir geti svikið náungann. En þegar fólk er komið saman í stóra borg verður það tortryggjara og þegar það mætir einhverjum úti á götu sem brosir á móti þeim hugsar það strax: Hvað ætlar þessi að selja mér.“
– Er stéttaskipting í Rússlandi?

„Já, það tengist helst menntun en Ísland er aftur á móti frjálsara land og fólk getur gert ýmsa hluti þótt það hafi ekki háskólamenntun í því. Í Rússlandi er mikil áhersla lögð á bókmenntir og Rússar lesa mikið. En þó hef ég heyrt að það fari minnkandi og yngri kynslóðin horfi meira á sjónvarpið. Nú hefur myndast ný stétt þeirra sem eiga ríkari forældur og eiga því kost á öðruvísi menntun. Áður fyrr voru það börn þeirra sem voru í kommúnistaflokknum sem fengu betri tækifæri en nú er það meira tengt peningum. Ég fatta ekki þessa þráhyggju fyrir peningum. Fólk þarfnast ekki peninga heldur það sem það getur fengið fyrir þá. Nú er búið að skrifa stórum stöfum að maður geti ekki keypt hamingjuna en samt keppast allir við að eignast sem mesta peninga. Hvað er svona gaman að því? Fólk leyfir sér að komast í hringrás atvinnulífsins þar sem því meira sem það vinnur, þeim mun meira kaup fær það á meðan tími lífsins styttest. Þessi tími sem fólk hefur til þess að lifa lífinu. Ég vil frekar vinna minna. Ég þéna alveg nóg fyrir því sem ég þarf til að lifa en fæ meiri frítíma fyrir mig. Ég vil læra og lesa, ég vil ekki biðja þar til ég er orðin sextug því þá verð ég örugglega bara farin að sjá illa og get ekki lesið jafn mikið. Því eldri sem maður verður því færri raunverulegar óskir á maður. Fólk áttar sig ekki á

muninum á því að langa í eitt-hvað og óska sér einhvers, orðin vantar skilgreiningar. Maður áttar sig á því að lífið er ekki endalaust og allra síst það líf þar sem maður óskar sér nýrra upplifana og nýrra ævintýra. Svo kemur oftast tímabil þar sem fólk hugsar bara um heilsuna. En ef það tókst að læra og sanka að sér reynslu þar til að því tímabili kemur, getur maður raunverulega notið þess. Þá getur maður notið verðmæta sinna sem lífsreynslan hefur gefið og maður er í rauninni ríkastur í heimi.
Ég hugsa aðeins meira um ellina en tilheyrir mínum aldri, en þó ekki í því samhengi að ég borgi í lífeyrissjóð eða taki frá pening, heldur hvað ég muni vera að gera. Það er plús og mínus við að vera listamaður. Enginn getur rekið mig á eftirlaun þegar ég verð eldri en á móti kemur að ég fæ ekki örugga innkomu í hverjum mánuði. En ég fæ alveg þangað til ég dey að gera það sem mig langar til að gera og vera ánægð með sjálfa mig. Þetta er lúxus þegar maður fattar það.
Auðvitað átta ég mig á því að fólk er ólíkt. Sumir þurfa að hafa allt skipulagt og vita hvað gerist næst. Það er líka allt í lagi svo lengi sem fólk fylgir ekki bara straumnum og vaknar svo einn daginn og áttar sig á því að það hefur ekkert gert við líf sitt sem það langaði til að gera.
Ég held að það sé mjög vestrænt fyrirbæri að fólk geti leyft sér að hugsa eins og einstaklingur. Maður hugsar mikið um sinn eigin hag og vilja og jafnvel útlit en það er ekki mikið um hóphugsun, þar sem fólk hugsar sem ein heild. En fólk er samt hluti af þeirri heild sem samfélagið er. Ég finn fyrir því hér á Ísafirði að fólk er tengt ósýnilegum böndum. Það er erfitt að lýsa því, en fólk hér hefur áhuga hvert fyrir öðru. Þetta er ekki svefnbær eða fjölbýlishús þar sem fólk læsir sig inni í sinni litlu holu og er alveg sama um hvað er að gerast í næstu íbúð. Þetta finnst mér skemmtilegt.
Ég hef mikla trú á drifkrafti einstaklingsins og að enginn geti komið og sagt neinum hvernig maður eigi að lifa lífinu eða hvernig eigi að vera hamingjusamur. Í Sovétríkjunum vandist fólk því að skipanir kæmi að ofan, um hvað það eigi að gera. Það kæmi mér ekki á óvart ef það yrði aftur einræðisleg stjórnun í Rússlandi á næstunni, því svo margir sakna þess sem þeir kynntust í æsku, þ.e. að vera



stjórnað.“

Myndraen lausn á spurningu

– Segðu mér aðeins frá listinni þinni?
„Ég hef nú farið fram og til baka á list minni. Í Moskvu lærði ég klassíska myndlist í ströngum akademískum skóla. Ég teiknaði mikið af gifsteikningum, uppstillingum og módelteikningum og málaði módel eftir mjög ströngu kerfi. En ég var alltaf meðfram þessu að gera tilraunamyndlist. Þaðan voru verk mín sem ég sýndi í Evrópu, þá aðallega í Þýskalandi en líka í Hollandi auk þess sem ég var á nokkrum samsýningum úti í heimi. Þetta kallaðist concept art eða hugmyndamyndlist og hentaði mér mjög vel, sem ungri manneskju á þróunarferlinu frá tvítugu til þrítugs. Hvert einasta listaverk var eins og lausn á spurningu sem myndaðist í kollinum á mér. Ég tjáði mig sjónrænt og bjó til mitt eigið táknmál, má segja. Stundum skildi fólk það ekki

en það skipti mig ekki máli því það var nóg að ég væri búin að finna lausn á spurningunni í myndraenu formi. Þannig gerði ég mörg verk. Einnig var ég mikið að vitna í verk annarra og koma því fram í mínum eigin verkum. Mér fannst eins og ég væri að ræða við annan listamann. Verk mitt var oft eins og samtal þar sem reynt var að fá svör við almennum spurningum eins og hvað er myndlist, hvað er fegurð, hvað er kvenlegt.
Það særði mig svolítið þegar sagt var við mig að ég væri of ung og væri kona, þegar ég var fyrst að reyna koma mér á framfæri sem myndlistamaður. Það á ekki að skipta máli hvort maður sé kona eða karl. Ég reyndi mikið í verkum mínum að koma af stað umræðu um þetta og notaði til dæmis hefðbundin rússnesk tákn um það kvenlega eins og kjólaefni með gamaldags blómamynstri.
Í þessum starfsferli er ætlast til þess að námi loknu, að maður haldi sig við sama þema og geri hluti sem líkjast þeim sem maður hefur áður

gert, svo verk manns verði þekkjanleg. En það hentaði mér ekki. Ég vil frekar vera áhugamanneskja í mörgu en svakalegur sérfræðingur í einhverju einu. Nútíminn leyfir það öllum.“
Jafnréttisdraumurinn uppfylltur á netinu
– Hverju fleiru hefurðu áhuga á?
„Ég uppgötvaði merkilegt fyrirbæri þegar ég var úti í Æðey. Þá í fyrsta sinn komst ég að ráði í tæri við tölvu og uppgötvaði internetið, og fann í því hinn langþráða jafnréttisdraum margra hugsjónamanna. Þegar unnið er á netinu, skiptir ekki máli hver maður er. Þar er ekki gerð nein grein fyrir því hvort maður sé kona eða karlmaður, gamall eða ungur, fallegur eða ljótur. Mér finnst þetta svo æðislegur möguleiki. Internetið er tæki sem veitir manni upplýsingar og maður getur lært af, í staðinn fyrir að horfa á sjónvarp, sem maður sekkur

ofan í. Þetta er þvílíkt upplýsingaflæði sem þarna er að finna. Allir geta verið jafnir. Fólk hættir að hugsa um útlitið eða hvort maður sé milljónamæringur eða á styrkjum frá ríkinu, það er að segja ef maður hefur efni á netaðgangi. Svo hefur þetta líka svo mikið að segja um frelsi fólksins. Það er ekki hægt að slökkva á netinu. Það er ekki hægt að banna fólki í neinu landi að nota internetið nema þá að klippa á sæstrenginn. Þarna er einn hræigrautur af fólki af ýmsu þjóðerni, trú og hugsunarhætti sem blandast saman. Þarna getur maður fengið heimssjónarhorn. Eins og þegar ég var á lítilli eyju eins langt frá umheiminum og ég komst—bara með smá módem—gat ég verið að fræðast um hluti í heiminum hvort sem það var í Kína eða Ástralíu eða hvar sem er. Internetið á sér mikla framtíð ef þróunin verður heilbrigð. En þetta tekur allt tíma“, segir Nina Ivanova þessi ástríðufulla en þó þolinmóða kona.
– thelma@bb.is

Nýr framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélagsins

Þorgeir Pálsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. og mun hefja störf um næstu mánaðamót. Þorgeir er 44 ára gamall og lauk BS námi í sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum í Bodö í Noregi árið 1988, framhaldsnámi í alþjóðaviðskiptum frá Norwegian School of Management í Skedsmo í Noregi árið 1989 og er að ljúka MBA námi frá Háskólanum í Reykjavík innan skamms. Þorgeir hefur m.a. starfað hjá Marel hf., Útflutningsráði Íslands, ICECON og IMG Ráðgjöf auk þess að hafa verið stundakennari í alþjóðaviðskiptum við ýmsa skóla undanfarin ár.

Vélskipum fækkar á Vestfjörðum

Vélskipum í fiskiskipaflota Vestfirðinga hefur fækkað nokkuð jafnt og þétt síðustu fjögur árin og eru nú 150 en voru 193 árið 2003. Opnir fiskibátar voru 157 á síðasta ári, en frá aldamótum hafa þeir verið milli 150 og 200. Togarar eru sjö talsins líkt og fyrir fjórum árum, en þeir voru tíu árið 1999 og einungis sex á árunum 2000-2002. Kemur þetta fram í nýjum tölum frá Hagstofu Íslands.

Vestfirsk náttúra kjörin endurnæring fyrir útkeyrða nútímamenn

Vestfirðir eru ákjósanlegur staður fyrir heilsuhæli fyrir hinn hrjáða vestræna heim samkvæmt tillögu sem kom fram á Vetrarþingi Framtíðarlandsins á Ísafirði í nóvember.

Ljóst er að krafturinn, náttúran og landgæðin á Vestfjörðum er mörgum ofarlega í huga sem elixír og endurnæring fyrir útkeyrða nútímamenn samkvæmt samantekt Framtíðar-

landsins um hugmyndir vetrarþingsins. „Landshlutinn hefur á sér betra orð fyrir að vera hreinn og óspilltur en flestir aðrir landshlutar – atriði sem eru nátengd ímynd heilsu- bótastaða. Hinar illræmdu vegalengdir og torfærur geta gefið fólki þá jákvæðu tilfinningu að hér sé það komið langt frá skarkala heimsins. Viðast hvar um kjálkann er þó stutt í þorp eða bæi sem veita þjónustu og afþreyingu og skaffa vinnukraft. Viða er heitt jarðvatn að hafa og verið er að fjölga þeim stöðum með borunum“, segir í samantektinni.

Núpur í Dýrafirði er meðal staðsetninga sem nefndar hafa verið með heilsuhælið í huga, en staðnum var það helst til fyrirstöðu að þar vantar meira af heitu vatni. Þá var Reykjanes einnig nefnt þó það sé langt frá næsta þéttbýlisstað. „Svo mælir ekkert á móti því að reisa þar til gerðar byggingar frá grunni á þeim stað sem best hentar hverju sinni. Annað eins hefur nú verið gert, ef fjármagnið hefur feng-



ist“, segir í skýrslu Framtíðarlandsins.

Sérfræðingur Framtíðarlandsins benti á að náttúru- bœðin við Mývatn gætu verið góð fyrirmynd og innblástur, en þar hefur frekar einföld uppbygging orðið til þess að skapa störf og efla stöðugleika með tiltölulega viðráðanlegri fjárfestingu. „Vestfirðir þyrftu að huga vel að sérstöðu sinni til að markaðssetja bœð af þessu tagi, enda er samkeppnin orðin nokkur og færri ferðamenn sem eiga leið um Vestfirði en Norðausturland. Styrkleiki slíkra baða á Vestfjörðum gæti verið að bjóða upp á „öðruvísi“ upplifun, til dæmis með því að tengja við annað

sem svæðið hefur upp á bjóða, svo sem gistingu í afskekktum vita, gönguferðir um firðina og veiði eða skoðunarferðir í bátum.“

Þá kom Reykjanes víðar við sögu en þetta höfuðból jarðhitans í fjórðungnum þykir bjóða upp á óteljandi möguleika. Til að mynda væri hægt að bjóða upp á siglingar, sportveiði og köfun sem afþreyingarmöguleika á sjó. Á landi væri hægt að bjóða upp á gönguferðir á Drangajökul, skíðaferðir um Glámuhálandið og veiði. Auk þess sem óþrjótandi möguleikar vegna heita vatnsins á hvers konar heilsuþjónustu og ræktun, m.a. pálmalandir undir gler-

Reykjanes.

þökum.

Þá var Gjögur í Árneshreppi nefndur sem kjörinn vetrardvalarstað fyrir ferðamenn og fólk sem vill skipta um umhverfi um tíma. Góður flugvöllur er á staðnum og flug allt árið. Á Gjögri er nokkuð af sumarhúsum og í sveitinni er skóli með næstum engum nemendum. Þar mætti byggja upp margvíslega vetrarafþreyingu og rétt hjá Gjögri er náttúrulega í sjávarborðinu. „Árneshreppur stendur mjög tæpt og það þarf að búa til atvinnutækifæri yfir vetrartímann og fjölbreytni í mannlífi“, segir í skýrslu Framtíðarlandsins.

– thelma@bb.is



Bolungarvíkurkaupstaður

Félagspjónusta við Djúp

Bolungarvíkurkaupstaður auglýsir stöðu félagsráðgjafa við félagspjónustu við Djúp lausa til umsóknar. Um er að ræða nýja deild sem er samstarfsverkefni Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps.

Félagsráðgjafi mun sinna hefðbundnum félagsráðgjafaverkefnum á breiðum grunni. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri. Félagsgjafi mun ásamt verkefnastjóra taka þátt í uppbyggingu félagspjónustu í sveitarfélögunum. Gerð er krafa um félagsráðgjafamenntun eða aðra menntun sem kemur að notum.

Kröfur:

- Félagsgjafamenntun eða sambærileg menntun.
 - Frumkvæði og kraftur.
 - Hugmyndaauðgi og lausnarmiðuð hugsun.
 - Lipurð í samskiptum.
- Í boði:**
- Góð laun.
 - Frjótt og gott starfsumhverfi.
 - Fjölskylduvænn vinnustaður.
 - Stórbotin náttúra og gott mannlíf.

Áhugasamir hafi samband við Grím Atlason, bæjarstjóra Bolungarvíkur í síma 450 7000 eða á netf. grimur@bolungarvik.is.

Umsóknarfrestur er til 16. mars nk.

Bolungarvíkurkaupstaður stendur við Ísafjarðardjúp og þar búa rúmlega 900 manns. Öll helsta þjónusta er á staðnum eins og t.d. sundlaug, íþróttahús, skóli, leikskóli, bensinstöð, kaffihús og félagsheimili. Mannlíf er fjölbreytt og félagslíf gott og náttúra stórkostleg. Ísafjarðarbær er í um 15 mínútna akstursfjarlægð. Á döfinni eru umfangsmiklar framkvæmdir sem munu setja jákvætt mark á sveitarfélagið næstu árin.

Byggðakvótann til sveitarfélaga og steinbít úr kvóta

Gera þarf gagngerar breytingar á stjórn fiskveiða að mati Gríms Atlasonar, bæjarstjóra í Bolungarvík. Hann leggur til að steinbítur verði tekinn úr kvóta og jafnvel ýsa líka. Byggðakvótanum verði útdelt til sveitarfélaga til þriggja ára í senn og þeim heimilt að leigja hann út. Veiðar á land-

grunni verði skoðaðar og jafnvel gripið til róttækra aðgerða eins og banna ákveðin veiðarfæri innan ákveðinnar línu. Hann hafnar rökum margra útgerðarmanna um að byggðakvótinn hafi verið tekinn frá þeim. Í samtali við blaðið segir Grímur að hann viti að ekki verði allir sáttir þegar minnst

er á að taka tegundir úr kvóta og setja á dagakerfi. „En það rísa alltaf menn upp á afturlappirnar. Við búum við lénskipulag og því verður að linna. Það er ekki langt síðan steinbítur var settur í kvóta og sárafaír sem hafa keypt kvóta.“

Hann segir þessar breytingar kannski vera róttækar en bætir við að við lifum á róttækum tímum. „Það verður að gera eitthvað. Það þýðir ekki að biða og segja að svona sé þetta bara.“

„Byggðakvóti hefur aldrei verið tekinn frá einum né neinum. Í upphafi hélt ríkið eftir ákveðnum hluta kvótans sem síðan hefur farið til sjávarútvegsráðherra. Ráðherra hefur m.a. útdelt úr þessum potti sárabótum vegna rækju- og skelfiskbrests. Þannig að þús um að útgerðarmenn verði fyrir skerðingu vegna byggðakvóta er fjarri sanni“, segir Grímur á bloggi sínu. Í einhverjum tilfellum hefur kvóta



Til sölu er Suzuki Ignis, 4x4, árg. 2004, beinskíptur, ekinn 37.000 km. Til sýnis í Heklusalnum.

Upplýsingar gefa Hafsteinn í síma 897 6744 og Björn í síma 892 2578.



Grímur Atlason.

úthlutað af ráðherra til að bregðast við aflabresti orðið að eignarkvóta og nefnir Grímur þorskvóta sem loðnuútgærdir fengu í sárabætur fyrir tæpum tuttugu árum í kjölfar loðnubrests. Sá kvóti var varanlegur segir Grímur og gátu útgerðarmenn selt hann.

– smari@bb.is

Allir skóla einsetnir í sex ár

Allir grunnskólar á Vestfjörðum hafa verið einsetnir frá árinu 2002, en næstu fjögur árin þar á undan var einn skóli í fjórðungnum einungis einsetinn að hluta. Kemur þetta fram í nýjum talnagögnum frá Hagstofu Íslands. Grunnskólum hefur fækkað lítillega á tímabilinu, voru 16 árið 1998 en hafa síðustu fjögur ár verið 13 talsins.



Grunnskólanemum fækkar mjög

Fækkun grunnskólanema á Vestfjörðum hefur verið jöfn og stöðug allt frá árinu 1997, samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofunni. Á síðasta ári voru nemendur alls 1.096 í grunnskólum fjórðungsins en áratug áður voru þeir 1.431. Nemur þessi fækkun líðlega 23% sem er talsvert meiri en fækkun íbúa á svæðinu. Nokkru fleiri drengir en stúlkur voru í grunnskólum Vestfjarða á síðasta ári, eða 567 drengir á móti 529 stúlkum. Eins og áður segir hefur fækkunin verið jöfn og stöðug og hefur fækkað frá ári til árs á öllu tímabilinu, nema milli árunna 2001 og 2002 þegar nemendum fjölgaði um sjö.

Áhersla lögð á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif snjóflóðavarna

Deiliskipulagstillaga vegna snjóflóðavarna undir Traðarhymu í Bolungarvík hefur verið auglýst. Markmið deiliskipulagsins er að auka öryggi íbúa með tilliti til snjóflóða með byggingu snjóflóðavarna en jafnframt að milda neikvæð áhrif framkvæmdanna á landslag og náttúru með mótvægisáðgerðum. „Þó að bygging snjóflóðavarnanna geti haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið er ljóst að neikvæð áhrif á landslag og umhverfi geta orðið talsverð og óafturkræf. Það er því mikilvægt að áhersla verði lögð á að lágmarka neikvæðu áhrifin eins og kostur er með mótvægisáðgerðum“, segir í greinargerð tillögunnar. Lögð er áhersla á að fella mannvirki að landslaginu

eins og kostur er. Jafnframt er gert ráð fyrir að svæðið og varnirnar nýtist íbúum til útivistar. Við Stigahlið er gert ráð fyrir áningarstað og stíg þaðan upp á varnargarðinum og meðfram honum. Uppi á varnargarðinum er gert ráð fyrir útsýnisstalli með upplýsingum og bekkjum.

Gert er ráð fyrir að reisa þvergarð og 8 keilur ofan við hann í hlið Traðarhymu. Garðtáin er í um 40 m.y.s. en skeringar ofan við keilur fara hæst í 120 m.y.s. Þvergarðurinn er 720 m langur og allt að 22 m hár frá botni skeringar en hæð lóðrétts veggjar er 14 m. Hver keila er 40 m löng og 11,5m há frá botni skeringar en hæð lóðrétts veggjar er 8 m. Þvergarðurinn og keilurnar eru

byggðar upp úr styrktri fyllingu sem samanstendur af netgrindum í framhlið (þeirri hlið sem snýr að fjalli) og stál-ræmum sem ganga þaðan inn í fyllinguna. Styrkta fyllingin er jöfnunarlagi en á bak við hana (á þeirri hlið sem snýr að byggðinni) er fláfleygur. Fláfleygurinn er sá hluti mannvirkisins sem verður mest sýnilegur frá byggðinni.

Gert er ráð fyrir vegslóða meðfram þvergarðinum og ofan við keilurnar. Vegslóðin, sem verður 1.800 m langur og 3 m breiður, mun tengjast núverandi vegslóða vestan við skipulagssvæðið. Slóðarnir eru ætlaðir fyrir umferð tengda viðhaldi og vinnu við mannvirkin en þeir geta einnig nýst

göngufólki.

Gert er ráð fyrir að allt efni til framkvæmdarinnar fáið innan skipulagssvæðisins, bæði laus efni og efni úr bergskeringum. Við upphaf framkvæmdarinnar þarf að leggja vegslóða um framkvæmdasvæðið og þarf um 1000 m³ til þess. Ef ekki er hægt að nýta efni í hann af staðnum verður það tekið úr námu á Skálavík-urheiði. Náman sem er opin er utan skipulagssvæðisins.

Hönnun snjóflóðavarna í Bolungarvík hófst með frumathugun árið 1998. Við þróun varnanna hafa fjölmargir útfærslukostir verið skoðaður og nokkrum þeirra verið lýst í áfangaskýrslum sem kynntar hafa verið. Niðurstaðan er að byggja 720m langan þvergarð

og 8 keilur ofan við hann í hliðinni ofan við kaupstaðinn. Í umhverfismati framkvæmdarinnar var einungis þessi valkostur metinn. Öðrum útfærslum hefur verið hafnað

sem ófullnægjandi eða vegna tæknilegra örðugleika s.s. líkum á snjósöfnun sem dregur úr virkni varna eða óvissu um virkni þeirra.

– thelma@bb.is



Bolungarvík.

Sköpunarkraft frekar en olíuhreinsun

Framtíðarlandið hefur gefið út rit um atvinnumál á Vestfjörðum. Þar birtist meðal annars safn hugmynda um atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Heilsuhæli, refasetur og berjalíkjör eru meðal þeirra hugmynda sem Framtíðarlandið vekur athygli á í ritinu og eiga að styðja við atvinnulíf á Vestfjörðum. Ennfremur alþjóðlegur umhverfisháskóli,

þrjónaverksmiðja, vatnsátöppun, vestfirskt grænmeti og vestfirskur bjór. Hugmyndirnar urðu til á Vestfjarðþingi sem Framtíðarlandið stóð fyrir á Ísafirði í vetur. Irma Erlingsdóttir, formaður stjórnar hugmynda sem Framtíðarlandsins, segir samtökin vilja virkja sköpunarkraftinn í landshlutunum en hún telur að áform um olíuhreinsunarstöð séu ekki vel

til þess fallin. Svo stórvaxin verkefni geti kæft annað frumkvæði og kraft til annarskonar uppbyggingar.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, sagði í fréttum RÚV, að það sé rangt að góðar hugmyndir bíði vegna áforma um olíuhreinsunarstöð. Margt annað sé í skoðun svo sem þorskeldi, kræklinga-

rækt, þjónusta við austur Grænland og uppbygging í stangveiði. Hann nefndi einnig að óskað hafi verið eftir samstarfi við Framtíðarlandið en ekki hafi orðið af því. Irma kannast ekki við að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hafi falast eftir samstarfi við Framtíðarlandið en slíku myndi hún taka fagnandi.

– smari@bb.is

Tryggvi Guðmundsson hdl - löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason - löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Sundstræti 36, Ísafirði

Þrjár nýjar þriggja herbergja íbúðir í fjölbýlishúsi með lyftu ásamt staði í bílageymslu. Íbúðirnar eru 118,9 m² að stærð.

21.500.000,-

Tangagata 22, Ísafirði

114,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum og með kjallara, sem byggt er úr timbri og endurbeygt fyrir rúmum 20 árum. Bílskúr er 37,4 m², byggður 1975.

19.900.000,-

Seljalandsvegur 84a, Ísafirði

Einbýlishús úr timbri á einni hæð ásamt geymsluskúr. Tvö svefnherbergi.

7.900.000,-

Sindragata 12, Ísafirði

425,9 m² skrifstofu og iðnaðarhúsnæði, nánar tiltekið stálgrindahús á einni hæð, einangrað og klætt með stálklæðningu. Fimm skrifstofu og tölvuherbergi og stór vörugymsla/vinnslusalur.

24.900.000,-

Grundarstigur 12, Flateyri

Steinsteypt hús á tveimur hæðum. 62,5 m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð og 81 m² 4ra herbergja á efri hæð. Nýleg klæðning, gluggar og þak.

9.800.000,-

Engjavegur 21, Ísafirði

132,2 m² fimm herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara Gótt útsýni yfir bæinn. ATH íbúðin verður laus fljótlega!

15.900.000,-

Hjallavegur 11, Suðureyri

138 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð. Fjögur herbergi, nýtt þak og nýlegt eldhús og baðherbergi.

7.000.000,-

Vallargata 8, Súðavík

133,7 m² parhús úr timbri með bílageymslu, byggt árið 1997, klætt að utan með steni klæðningu.

12.500.000,-

Austurvegur 1, Ísafirði

84,6 m² atvinnuhúsnæði á 2.hæð í miðbæ Ísafjarðar.

Tilboð óskast

Aðalstræti 26A, Ísafirði

Fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi samtals 108,6 m² að stærð.

7.000.000,-

Leigjendur og leigusalar athugið! Nú er hægt að auglýsa eignir til leigu eða óska eftir eignum til leigu á vef okkar

Dokjúmentering Druzla

<http://flickr.com/photos/druzli/>
<http://gusti.is>

Ljósmyndaáhugi landsmanna hefur stórukist á undanförunum árum. Auknum áhuga er helst að þakka stafrænni tækni og vefsíðum eins og Flickr sem er gagnvirkir ljósmyndagallerý á netinu. Myndir eftir Ísfirðinginn Ágúst Atlason hafa vakið athygli á síðum blaðanna og ekki síður á Flickr síðu sinni. Í Flickr-heiminum gengur hann undir nafninu Druzli. Ísfirðingar á reki undirritaðs þekkja hann helst undir nafninu Druslu-Gústi. Og muna eftir hundinum hans, henni Druslu. Hvort kom á undan, eggð eða hænna er svo annað mál. Ágúst starfar sem vefhönnuður hjá Snerpu. Mörg ár eru síðan Ágúst byrjaði að taka myndir en atvik í óbyggðum Skagafjarðar varð til þess að allt í lífi hans breyttist

„Ég var að vinna hjá Símanum við að merkja ljósleiðara víðsvegar um landið. Við vorum að keyrðum um fjöll og firnindi á sexhjólum og rákum niður staura til að merkja ljósleiðarann. Nema hvað að í einni ferðinni valt sexhjólið og ég hlaut opið beinbrot og var í fimm og hálfan tíma upp í fjalli á meðan náð var í hjálp. Við vorum þrír en það þurfti að keyra í klukkutíma til að komast í simasamband sem er þínu spaugilegt af því við vorum að vinna fyrir Símann en það var ekkert NMT-samband þar sem við vorum. Ég var fluttur á sjúkrahús á Akureyri. Það tók mig fimm ár að jafna mig á þessu slysi. Það má segja að fyrsta árið hafi ég verið í gífsi. Ég fór í þrjár aðgerðir og allskyns æfingar.

Það var ljóst að ég gæti ekki stundað erfiðisvinnu framar eins og ég var vanur. Sumir myndu kannski segja að Síminn væri ekki erfiðisvinna! En ég fékk bætur og ákvað að nýta þær til að mennta mig og fór til Danmerkur í margmiðunarskóla. Margmiðlun er fjölþætt en ég sérhæfði mig í vefsíðugerð. Ég kom heim til Ísafjarðar 2005 og fékk vinnu hjá Netheimum en fékk ekki að vinna beint við vefinn þar. Var meira við simavinnu sem

hentaði ekki út af löppinni. Fljótlega fór ég að vinna hjá Snerpu við vefsíðugerð.“

Kompuvinnan skemmtilegust

„Halldór Sveinbjörnsson og Jón Oddur Guðmundsson sem var að vinna í H-prent komu mér af stað í ljósmyndun í kringum 1990 og þá ver ég á kafi í svarthvítum filmum. Skemmtilegast fannst mér að vera í myrkrakompu. Þrír tímar í kompunni liðu eins og 5 mínútur. Ég var í því í nokkur ár og hætti í kringum slysið. Svo byrja ég af krafti síðasta sumar og kaupí mér búnað. Myrkrakompuvinna sem mér finnst skemmtilegust færðist yfir í tölvuna og það hentar mér vel þó mig langi aftur í filmuna.“

– Photoshop og þessi forrit hafa breytt öllu fyrir áhugahljósmyndarann

„Jú, Photoshop og forrit sem heitir Lightroom sem vinna saman. Ég get verið eina kvöldstund með mynd og svo get ég verið öll kvöld vikunnar að fíka í sömu myndinni.“


– Það er aldrei þannig að þú tekur kortið úr vélinni og bingó, það þarf ekkert að gera við þessa mynd?

„Það þarf alltaf að gera eitthvað. Fólk náttúrulega með misjafnan smekk hversu mikið á að vinna myndirnar en ég vinn þær þangað til ég er ánægður. Maður reynir að hafa myndirnar eins eðlilegar og hægt er, en stundum er gaman að fara yfir strikið. Þegar ég tek svipmyndir úr bæjarlífinu þá þarf ekki að vinna þær mikið, þá kannski helst að laga liti. En lykillinn að þessu er að mér finnst þetta gaman. Konan horfir á sjónvarpið en ég er í tölvunni að vinna við myndir. Ég sé engan mun á að glápa á þessa tvo kassa. Maður er þó allavega að skapa eitthvað og ég hef alltaf haft ríka þörf fyrir því að skapa

Landslagið skemmtilegast



Skutulsfjörður.



Ágúst Atlason. Ljós: Pétur Geir Óskarsson – www.zeranico.com.

– Þið eruð nokkur hérna fyrir Vestan með Flickr síðu.

„Já, Baldur Páll hefur brillerað með sjálfsmyndirnar sínar. Oddur Jóns er mjög góður. Svo eru Palli Önnu og Þorsteinn Tómasson með Flickr síður. Og Hugrún Hilmars (Pálssonar) tekur finar myndir, hún býr nú ekki lengur hér. Ég hef velt því fyrir mér að stofna klúbb þar sem menn geta hist og rætt málin og jafnvel farið í ljósmyndaferðir. Það er mjög gaman að taka myndir á Vestfjörðum og ég hef heyrt komment um að maður sé heppinn að taka myndir hér. Maður hefur allan kjálkann út af fyrir sig ef svo má segja.

– Þú hefur ekki einbeint þér að einni tegund ljósmynda. Þú tekur nánast allt.



Gunnlaugur Finnbogason sjómaður landar út báti sínum.

„Ég tek myndir af öllu en mér finnst skemmtilegast að taka landslagsmyndir. Þá kemst maður út og þá finnst mér best að vera einn. Það er

náttúrulega gaman af góðum félagsskap en mér finnst þægilegt að vera einn. Svo finnst mér líka gaman að taka myndir af fólki. Það er erfiðara, sumum finnst þeir alltaf vera asnalegir á myndum.“

– En er filman dauð?
 „Nei, það eru margir klárir ljósmyndarar að taka á filmu. Spessi tekur á filmu. Pétur Geir, annar gamall Vestfirðingur, tekur á filmu. Pétur var að taka digital en missti áhugann. Svo byrjaði hann að taka á filmu og fékk áhugann aftur. Ég hef áhuga á að byrja aftur með filmuna. Þannig að filman er ekki dauð en það

hlýtur að koma að því að þeir hætti að framleiða filmur.“

– En hvers vegna tekurðu myndir?

„Það er náttúrulega einhver sköpunarþörf sem býr í mér. Svo sagði Spessi við mig að þegar ljósmyndari tekur myndir þá er hann að „dokjúmentera“. Það er fátt skemmtilegra en að skoða gamlar myndir og ég geri mikið af því að skoða gamlar myndir frá Ísafirði“, segir Ágúst Atlason sem heldur áfram að „dokjúmentera“ Ísafjörð. Eins og Simson, Björn Pálsson og fleiri gerðu fyrir nokkrum áratugum.


– smari@bb.is



Turnhúsið (sjóminjasafnið) í Neðstakaupstað á Ísafirði.



Jóhann Hinriksson forstöðumaður Safnahússins á Ísafirði að störfum.



Þessa skemmtilegu mynd tók Ágúst í Sjóminjasafninu í Neðstakaupstað.



Frá Önundarfirði.



Horft inn Skutulsfjörð.



Horft frá Engidal og út Skutulsfjörð.



Edinborgarhúsið á Ísafirði.

Mannlífið

Smáauglýsingar

Blakfélagar óska eftir húsi eða íbúð á Ísafirði til leigu dagana 1.-4. maí. Góðri umgengni heitið. Uppl. í síma 892 1339.

Spilavist verður í Guðmundar-búð föstudaginn 7. mars kl. 20.

Til leigu er 4ra herb. íbúð við Engjaveg á Ísafirði. Uppl. í síma 456 4756 og 866 8501.

Óska eftir atvinnu (afleysingu) í 3-5 vikur. Hafið samband á netfangið fax@mi.is.

Óskum eftir einbýlishúsi til kaups í Holtahverfi á Ísafirði. Uppl. í síma 869 6852.



Ómar Smári sýnir í Einarshúsi

Listamaðurinn góðkunni, Ómar Smári Kristinsson, opnaði sýningu í Einarshúsi í Bolungarvík á laugardag. Á sýningunni eru 24 blýantsteikningar af Bolungarvík. Helmingur myndanna er unnin eftir gömlum ljósmyndum og hinn helmingurinn út frá ljósmyndum sem teknar voru árið 2007.

Sjónarhorn nýju myndanna er það sama og þeirra gömlu. Þannig er í rauninni um 12 pör mynda að ræða, þar sem hægt er að virða fyrir sér hvað breyst hefur í gegnum tíðina. Til að ljá sögunni meiri dýpt, þá verður á sýningunni lesefni sem Lárus Benediktsson tók saman um gömlu myndirnar. Það var einnig hann sem lagði teiknaranum þær til.

Helmingur teikninganna (6 pör) kom út á Bolungarvíkurdagatali fyrir árið 2008. Hinn helmingurinn kemur út ári síðar. Mun Ómar Smári verða á staðnum til kl. 18:00 á laugardag og heitt kaffi verður á könnunni fyrir listunnendur til að dreypa á og hægt verður að virða myndirnar fyrir sér allan marsmánuð og njóta verka Ómars Smára.

Spurning vikunnar

Ætla þú að sækja viðburði Sólárisuhátíðar MÍ?

Alls svöruðu 501.

Já sögðu 177 eða 35%

Nei sögðu 243 eða 49%

Veit ekki sögðu 81 eða 16%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Pestir herja á leikskólabörn

Pestir herja nú á leikskólabörn á Ísafirði og sérstaklega hefur hlaupabóla verið skæð á leikskólanum Eyrarskjóli. „Hlaupabólan er búin að vera ansi öflug, kannski vegna þess að hún hefur ekkert verið hér í a.m.k 2 ár og því eru flestir að smitast núna. Hún er eiginlega búin að vera í gangi síðan fljótlega eftir áramót, einn og einn að fá hana á hálfsmánaðar fresti en í síðustu viku lagðist nánast allur stelpukjarni. Það voru 8-10 stelpur af Græna kjarna í skólanum af 26. Svo er líka búin að vera slæm flensa í gangi. En það eru allir að hressast núna“, segir Jóna Lind Karlsdóttir, leikskólastjóri. Helga Björk Jóhannsdóttir, leikskólastjóri á Sólborg segir ekki vera meira um hlaupabólu nú en undanfarin ár þó að hún hafi látið að sér kræla.



Ekki skemmtilegasti hlutinn af því að vera í hljómsveit

Hljómsveitin Ampop sem inniheldur meðal annarra trymbilinn Jón Geir Jóhannsson fékk á dögunum styrk úr Tónlistarsjóði. Styrkurinn, sem nemur 400 þúsund krónum, er vegna útrásar- og markaðsverkefnis sveitarinnar sem gefur fljótlega út á eigin vegum plötuna Sail to the Moon í Bretlandi og segir Jón Geir að kynningarmál séu gríðarlega kostnaðarsöm. Jón Geir er einnig í hljómsveitinni Hraun sem er orðin býsna þekkt hér heima og ekki síður á erlendri grund.

Flókin eignatengsl

– Hafið þið áður sótt um úthlutun úr Tónlistarsjóði?

„Við fengum styrk upp á hálfa milljón þegar við vorum að klára My delution plötuna fyrir þremur árum síðan. En núna sóttum við um styrk vegna þess að Sail to the Moon, nýja platan okkar, er að koma út í Bretlandi einhvern tímann í næsta mánuði.

Við gefum hana út sjálfir, stofnuðum alþjóðlegt plötu-fyrirtæki utan um útgáfuna.“

– Það var jú Ampop ehf. sem fékk styrkinn.

„Já, en það er fyrirtækið sem heldur utan um hljómsveitina og rekur hana. Það fyrirtæki á síðan þetta alþjóðlega útgáfufyrirtæki ásamt Kára Sturlusyni umboðsmanninum okkar. Þetta er allt í einhverri þvereigu allra til að þetta sé örugglega nógu flókið.“

Ekkert er ókeypis

– Í hvað fer þessi peningur? Auglýsingar?

„Já, þetta fer í framleiðslu á plötunni og kynningarherferðir og almenna markaðsstarfsemi. Það er ekkert leyndarmál að það er rándýrt að komast inn á þessa markaði. Það er ekkert ókeypis á þessum erlendu plötumörkuðum.“

– Það kostar alveg einhverja hundraðþúsundkalla að halda einn blaðamannafund, er það ekki?

„Jú, maður lifandi. Þú verður að ráða manneskju sem veit í hverja á að hringja og við hverja á að tala. Þetta er allt saman gríðarlega dýrt.“

– Eruð þið í samstarfi við einhverja aðra íslenska listamenn í meikinu?

„Nei, ekki í þessu. Það eru alfarið við og Kári sem sjáum um þetta.“

Dásemdir FTP-servera

– Hvað eruð þið í Ampop annars að gera um þessar mundir? Eruð þið ekkert að spila hérna heima?

„Nei, Biggi söngvari sveitarinnar er búsettur í London og þess vegna höfum við ekkert verið að spila. Við höfum nær eingöngu verið í því að semja og kasta hugmyndum að lögum og lagabúum okkar á milli yfir hafið.“

– Er Internetið fjórði meðlimur bandsins?

„Já, dásemdir FTP-servera verða seint vanmetnar. En

fyrir utan smá lagasetningar fer allur okkar tími í þessar markaðspælingar allar.“

– Er þetta ekki alveg drep-leiðinlegt?

„Jú, þetta er langt í frá skemmtilegasti hlutinn af því að vera í hljómsveit. En svona er bransinn. Og manni líður miklu betur með að gera þetta sjálfur. Þó það sé miklu erfiðara er það betra þegar upp er staðið. Maður á þá alla vega allt sitt efni sjálfur, alla mastera og allt og getur verið sinn eigin herra. Það segir manni enginn hvernig platan á að vera og maður getur haldið reisin í gegnum þetta.“

Brúdalur og Fíðbakki

– Er Ampop að taka mikinn tíma frá þér?

„Nei, ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá hef ég svo afskaplega lítið markaðs- og viðskiptavit að ég er hálf gagnslauss í þessu brasi öllu

saman. Það hefur miklu meiri tími farið í hljómsveitina Hraun. Þar höfum við verið mjög uppteknir og allt á fullu. Við erum að koma út nýrri plötu í vor sem við höfum unnið alveg sjálfir í okkar eigin hljóðveri, Stúdíó Bala-læk.“

– Hvar er það stúdíó til húsa?

„Það er í æfingahúsnæðinu sem við leigjum ásamt Ljótu hálfvitunum og Múgsefjun. Það heitir Fíðbakki, og í því er kaffistofan Pedalir og klósettið Brúdalur.“

Hraun hefur verið að spila talsvert mikið. Við förum í þessa ferð til Bretlands í desember og spiluðum m.a. í úrslitum í „heimstónlistar“-keppni BBC og eru einhver ferðalög í bigerð tengd því. Svo ætluðum við að koma vestur og spila á Ísafirði fyrir um hálfum mánuði síðan, en því miður fórst einhvern veginn fyrir bókunin okkar á Edinborgarhúsinu. En við ætlum að bæta úr þessu á næstunni og koma vestur að spila.“

Leiðinlegt að hafa móðgað Halldór

„Mér þykir leiðinlegt ef við höfum móðgað Halldór“, segir Ólafur Sveinn Jóhannesson hjá Framtíðarlandinu. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, mótmælir því að Vestfirðingar hafi einblínt á olíuhreinsistöð og segir það vera móðgun við þá sem hafa unnið að nýjum tillögum í vestfirsku atvinnulífi. „Ég veit ekki hvert Halldór er að fara. Við höfum sagt að við teljum að hugmyndir eins og þær sem við höfum sett fram hafi engan veginn fengið sama meðbyr og hugmyndir um olíuhreinsunarstöð.“ Ólafur segir að skýrsla Framtíðarlandsins beri enga töfralausn í sér. „Sami rauði þráðurinn er í þessari skýrslu og Vestfjarðaskýrslunni og skýrslum atvinnumálanefnda sveitarfélaganna. Það segir okkur hvað Vestfirðingar eru að hugsa.“



Auður með hundinum sínum Skímu á Kröflu.

Björgunarhundar eru mikilvægt öryggistæki

Vetrarnámskeið, árviss viðburður í starfi Björgunarhundasveit Íslands, fer fram á Steingrímsfjarðarheiði um næstu helgi. 28 hundar eru skráðir til leiks og verða þeir ásamt eigendum sínum við leitaræfingar á heiðinni auk aðstoðarfólks úr ýmsum björgunarsveitum á landinu. Markmið vetraræfingar af þessu tagi er að þjálfar og taka út björgunarhunda í snjóflóðaleit og björgun við vetraraðstæður. Hundarnir eru æfðir og prófaðir í svokölluðum A, B og C- prófum. A og B próf eru vottun um að hundur sé tækur á útkallslista, C-próf er vottun um að hundur sé hæfur sem björgunarhundur og tækur til þjálfunar fyrir B-próf.

Námskeiðsstjóri er Ísfirðingurinn Auður Yngvadóttir en Vestfjarðadeild BHSÍ heldur utan um námskeiðið. „Við höfum staðið í heilmikilli undirbúningsvinnu en þarna koma saman teymi af öllu landinu. Við munum vera í Reykjanesi en æfingarnar fara fram á Steingrímsfjarðarheiði. Það eru haldin a.m.k. átta námskeið yfir árið en þetta er langstærsta námskeiðið sem felst í sjö daga útiveru uppi á fjöllum. Annars leggjum við í heilmikil ferðalög yfir árið og förum t.d. í Kröflu, Kerlingarfjöll og Sólheimajökul sem er við Mýrdalsjökul“, segir Auður.

A námskeiðinu verða níu leitarteymi af Vestfjörðum við æfingar, sex frá Ísafirði, tvö frá Patreksfirði og eitt úr Bolungarvík. Ísfirsku teymin eru meðlimir í Björgunarfélagi Ísafjarðar og fá þaðan aðstoð við þjálfunina. Teymin á Patreksfirði eru meðlimir í björgunarsveitinni Blakki á Patreksfirði.

„Við á Ísafirði höfum notið aðstoðar unglingadeildarinnar við æfingar en þar eru mjög sprækir krakkar sem hafa verið duglegir að liggja í holum svo hundarnir geti fundið þá. Við fáum alla okkar aðstoð frá Björgunarfélagi Ísafirði og erum í raun hópur innan þess félags þótt við séum einnig deild innan Björgunarhunda-sveitar Íslands. Sömu sögu er að segja um Patreksfirðingana en þeir fá sína aðstoð frá Blakki. Við fáum mjög jákvætt viðmót hvert sem við höfum leitað og gætum þetta náttúrulega ekki nema að fá aðstoð frá öðrum. En það er nú kannski ekki að ástæðulausu að viðmótið sé jákvætt þar sem við erum að gera þetta í þágu almennings.

Við Vestfirðingarnir lítum á okkur sem eina heild sem Vestfjarðadeild BHSÍ. Við hittumst oft á æfingum og erum í sambandi þess á milli. Hér á Ísafirði er 7-8 manna hópur sem hittist að lágmarki tvisvar í viku við æfingar en einnig eru haldnir fundir. Sömu sögu er að segja á Patreksfirði en þar eru 4-5 hundar.“

– Hvernig berði þið ykkur að þegar það kemur útkall?

„Björgunarfélagið kallar okkur út en við erum á þeirra vegum. Við mætum í aðstöðu félagsins og erum til taks eins og hvert annað björgunartæki. Eins höfum við þurft að fara víðar. T.d. höfum við verið kölluð til Akureyrar og þá hefur þyrila eða bill komið sótt okkur. Við mætum þar sem vantar hunda en auðvitað er reynt að nýta þá hunda sem eru á staðnum. Það er mjög mikilvægt öryggistæki að hafa björgunarhunda til staðar og ekki síst á Vestfjörðum þar sem mikið er um snjóflóðahættusvæði. Það hefur sannað sig að þeir reynast afar mikilvægir.“

– Hvernig fara æfingarnar fram um sumrin?

„Sumarleitin fer einnig fram tvisvar í viku en það er allt öðruvísi og miklu erfiðari leit. Við leitum á mun stærra á svæði og þá byggist árangurinn á því hversu vel hundur og maður leita saman. Maðurinn stjórnar og treystir á lyktarskyn hundsins. Þá þarf að taka með í dæmið hvernig landslagið og vindurinn er. Svo er frumskilyrði að maður og hundur séu í góðu líkamlegu formi.“

– Verða tengslin á milli björgunarhunds og eiganda sterkari en ella?

„Já svo sannarlega. Maður þekkir á augnaráði á hundinum hvað hann er að hugsa. Sem er oft mjög gott því stundum er hann að fara gera einhverja vitleysu sem maður

þarf að koma í veg fyrir.“

– Hvað fáið þið út úr því að vera í björgunarhundasveit?

„Það er útivera, hreyfing og skemmtileg þjálfun með dýrinu. Þetta er mikið puð og púl, sérstaklega sumarleitin, svo maður fær mikla hreyfingu og útiveru. Svo er þjálfunin sjálf mjög skemmtileg og gaman að fylgjast með framförum hjá hundinum.

En rétt er að taka fram að þetta er enginn útivistarklúbbur. Það getur verið dauðans alvara þegar á reynir. Þeir sem taka það að sér að vera í björgunarhundasveit þurfa að hafa mikinn áhuga og vera tilbúnir til þess að gera það sem þarf til að þjálfar hundinn og vera til taks þegar útköllin koma.“

– Geta allir hundar orðið björgunarhundar eða eru sumar hundategundir betur til þess fallnar en aðrar?

„Ég held að flestar hundategundir gætu það en sumar eru ef til vill betur til þess fallnar en aðrar. Sumar tegundir henta kannski betur eftir því hvaða leit er fyrir hendi. Annars er Border Collie langvinsælasta tegundin hjá okkur í björgunarhundasveitinni, en Labrador og Sheffer eru mjög vinsælir líka. En hundar þurfa ekki að vera hreinræktaðir til að vera góðir, það kemur oft skemmtilega út þegar maður er með blandaðan hund“, segir Auður. Yngvadóttir úr Vestfjarðadeild BHSÍ.

– thelma@bb.is

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Austlæg eyða breytileg átt, víða él og frost, en sums staðar frostlaust við ströndina. **Horfur á laugardag:** Austlæg eyða breytileg átt, víða él og frost, en sums staðar frostlaust við ströndina. **Horfur á sunnudag:** Austlæg eyða breytileg átt, víða él og frost, en sums staðar frostlaust við ströndina.



Sælkeri vikunnar er Anette Hansen á Ísafirði

Grillaður humar í skel og brokkólísalat að hætti Dana

Sælkeri vikunnar býður upp á ljúffenga humarmáltíð sem borin er fram með brokkólísalati og hvítlauksbrauði. Anette mælir með því að pensla fjórar brauðsneiðar vel með svolitlu af hvítlaukssmjöri og grilla hæfilega. Rétt er að taka fram að brokkólísalatið er dönsk uppskrift.

Í síðasta blaði urðu þau leiðu mistök að sælkeri vikunnar var ranglega nefnd Jónína en hið rétta er að hún heitir Jóhanna Guðmundsdóttir. Beðist er velvirðingar á þessu.

Grillaður humar í skel

1 kg humar í skel
Hvítlaukssmjör
100 g smjör
1 msk söxuð steinselja
2 stk hvítlauksgeirar, smátt saxaðir

Bræðið smjörið í potti. Bætið hvítlauk og steinselju í og látið sjóða í 2 mín. Humarskelin er klofin í tvennt eftir endilöngu og humarinn settur á bakka með skelina niður.

Penslið humarinn vel með hvítlaukssmjörinu og grillið á vel heitu grilli í 6 mínútur og snúið af og til.

Brokkólísalat

2 brokkólí sett í bleyti í nokkrar klukkustundir

Dressing

ca 125 g Hellmans light mayonnaise
ca 125 g creme fraiche
1 msk balsamico (balsamedik)
½ -1 dl sykur
1 dl sólblómafræ
1dl rúsínur (eða 2 dl í staðinn fyrir sykur.

Fræið saman og bætið við 1 smátt skornum rauðlauk. Steikið einn pakka af beikoni og skerið smátt og setjið út í salatið rétt áður en það er borið fram. Best er að láta salatið standa í nokkra klukkutíma áður en það er borið fram.

Ég skora á Ágústu Hólmbergsdóttur á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blað.



Toyota Tundra

Til Sölu 2 stk TOYOTA TUNDRA árg 2008 Crew-max 5,7 ltr, 4WD, (nýir) silfur og svartur. Búnaður: DVD, GPS, Bakkmyndavél, topplúga, rafstart, krókur, stigbretti, crome grind að framan, klæðning á palli, hús yfir pall og fleira. Einnig til sölu Ford F150 árgerð 2005 svartur ekin 50 Þ.km. klæddur pallur (fluttur inn nýr 2005)

Upplýsingar gefa Elli í síma 899-0910 og Kristján í síma 865-9637.

Talsvert til af upplýsingum um jarðgöng til Súðavíkur

Umtalsverðar rannsóknir á jarðgöngum milli Súðavíkur og Ísafjarðar hafa þegar farið fram. Annars vegar er til skýrsla frá árinu 2001 um yfirlit yfir jarðfræðilegar aðstæður á Öshlíð og Súðavíkurhlíð, gerð af Ágústi Guðmundssyni jarðfræðingi frá Lambadal í Dýrafirði. Hins vegar er til greinargerð vinnuhóps undir stjórn Gísla Eiríkssonar verkfræðings á Ísafirði um öryggismál Djúpvegjar milli Súðavíkur og

Bolungarvíkur, gerð árið 2002. Nokkrar jarðgangaleiðir eru tíundaðar í skýrslunum. Milli Djúpagils og Arnardals, frá Naustum í Skutulsfirði í Sauradal í Álftafirði og tvö afbrigði af stuttum jarðgöngum við Fjargil og Djúpagil á Súðavíkurhlíð en það er verstí kaflí vegsins með tilliti til ofanflóða og grjóthruns.

Göng frá milli Nausta og Súðavíkur eru bestí kosturinn að mati skýrsluhöfunda og

jafnframt sá dýrasti. Þau yrðu rúmí 6 kílómetrar og myndu kosta 5,5 milljarða. Þá yrði komist hjá að aka Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð. Tæplega þriggja kílómetra göng frá Arnardal í Djúpagil myndu kosta rúma tvo milljarða. Göngu um Fjargil og Djúpagil kosta á bilinu 2,3 til 2,6 milljarða. Sá valmöguleiki að fara sömu leið og á Öshlíð og gera vegskála og skápa er mun ódýrari og tvær útfærslur af

þeim í skýrslunni. Önnur hljóðar upp á 1.100 milljónir og hin er mun ódýrari og lakari að gæðum og kostar hún 530 milljónir. Allar upphæðir eru á framreiknuðu verðlagi.

Það var niðurstaða hópsins að göng frá Naustum til Súðavíkur væru áhugaverður kostur vegna hinnar miklu styttingar en vegurinn myndi stytta um tæpa átta kílómetra. Hinir jarðgangamöguleikarnir stytta ekki leiðina og ekki



Súðavík. Ljós: Mats Wibe Lund. áhugavert að mati hópsins að fara út í dýrar framkvæmdir sem stytta ekki leiðina þótt öryggi á veginum yrði viðunandi. Þeir möguleikar útiloka í raun göng frá Naustum. Vinnuhópurinn lagði til að svo stöddu að skápaleiðin yrði farin þar sem hún leiði til verulegrar aukningar á öryggi.



Fjársekt fyrir stuld á eldsneyti

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann til greiðslu sektar fyrir fjársvik og stuld á eldsneyti. Málsatvik voru þau að maðurinn tók út eldsneyti á bensinstöð Skeljungs í Bolungarvík að andvirði 8.100 króna með því að misnota sér viðskiptakort Eimskips/Flytjanda. Í annan stað fyrir að hafa stolið eldsneyti í tveigang á bensinstöð Skeljungs á Ísafirði að andvirði 24.000 króna,

einnig með því að misnota viðskiptakort Eimskips.

Sá seki fann kortið á bifreiðaplani á Skeiði í Skutulsfirði. Hann viðurkenndi brot sín og dómurinn taldi kærða til málsbóta að hann gekkst án undandrátta við brotum sínum og að hann hefði bætt það tjón sem af brotunum leiddi. Hann var dæmdur til 45 þúsund króna fjársektar.

– smari@bb.is



Átta nemendur Menntaskólans á Ísafirði sýndu þrautseigju þegar þeir gengu frá skólanum að Edinborgarhúsinu í norðanbýl á föstudag, en hefð er fyrir því að gengið sé fylktu liði frá skólanum í upphafi sólrísisviku. „Þetta var hræði-legt. Manni leið eins og Hannibal á leið í gegnum fjöllin“, sagði Gunnar Jónsson, menningarviti Nemendafélagsins. „En við vorum átta og það er nóg til þess að það er hægt að kalla þetta skróðgöngu. Annað hvort það eða óæskilega hópamyndun.“



Er bíllinn á verkstæði – vantar þig bilaleigubíl?

Við eigum bíl handa þér. Við erum með samninga við öll tryggingafélög landsins.

100 km. akstur á dag og kaskó innifalið.

Hringdu og við sækjum þig!

Og mundu að þú færð 500 vildarpunkta fyrir leiguna.

Vildarklúbbur **Hertz** Ísafjörður: 522 44 90



Niðurstöðu að vænta í mars

Flugmálastjórn vinnur nú að því að meta öryggisþætti Ísafjarðarflugvallar og kannar hvort grundvöllur sé fyrir því að flytja völinn upp í svo kallaðan flokk 1, en það er skilyrði sé ætlunin að hefja millilandaflug til og frá völinum. Eins og er flokkast Ísafjarðarflugvöllur undir „lendingarstað“ og kemur því að óbreyttu ekki til greina sem alþjóðaflugvöllur. „Það liggur fyrir beiðni um að meta öryggisþætti flugvallarins og það mál er í vinnslu, en er ekki komið á það stig að við getum gefið neina niðurstöðu“, segir Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar. Valdís segir að mat stofnunarinnar eigi að vera tilbúið í síðasta lagi þegar Flugráð kemur saman þann 26. mars.

Ísafjarðarflugvöllur er einn þriggja á landinu sem samgönguráðuneytið skoðar nú með tilliti til millilandaflugs, en hinir eru á Höfn í Hornafirði og í Vestmannaeyjum.

Fram kom í samtali við aðstoðarmann samgönguráðherra að beðið sé eftir ofangreindri umsögn Flugmálastjórnar.

– halfdan@bb.is